

## Snjóflóð á Íslandi veturinn 2023 – 2024

Sigurdís Björg Jónasdóttir  
Hulda Rós Helgadóttir

Skýrsla

VÍ 2025-003

## **Snjóflóð á Íslandi veturinn 2023 – 2024**

|                        |                                                   |
|------------------------|---------------------------------------------------|
| <b>Höfundar</b>        | Sigurdís Björg Jónasdóttir, Hulda Rós Helgadóttir |
| <b>Verkefnisstjóri</b> | Óliver Hilmarsson                                 |
| <b>Yfirfarið af</b>    | Óliver Hilmarsson                                 |
| <b>Samþykkt af</b>     | Matthew J. Roberts                                |

## **Veðurstofa Íslands / Icelandic Meteorological Office**

|                     |                    |
|---------------------|--------------------|
| <b>Númer</b>        | VÍ 2025-003        |
| <b>ISSN</b>         | 1670-8261          |
| <b>Dagsetning</b>   | Apríl 2025         |
| <b>Dreifing</b>     | Opin               |
| <b>Fjöldi síðna</b> | 106                |
| <b>Upplag</b>       | Rafræn útgáfa      |
| <b>Verknúmer</b>    | <b>4351-0-0001</b> |
| <b>Málsnúmer</b>    | <b>2025-0123</b>   |
| <b>DOI númer</b>    |                    |

# Efnisyfirlit

|                                                         |           |
|---------------------------------------------------------|-----------|
| Efnisyfirlit.....                                       | 2         |
| Myndaskrá .....                                         | 4         |
| Töfluskrá.....                                          | 6         |
| Ágrip .....                                             | 8         |
| Abstract .....                                          | 9         |
| <b>1 Inngangur.....</b>                                 | <b>10</b> |
| <b>2 Ársyfirlit ofanflóðavaktar .....</b>               | <b>11</b> |
| 2.1 September .....                                     | 11        |
| 2.2 Október .....                                       | 12        |
| 2.3 Nóvember .....                                      | 12        |
| 2.4 Desember .....                                      | 13        |
| 2.5 Janúar.....                                         | 15        |
| 2.6 Febrúar .....                                       | 16        |
| 2.7 Mars.....                                           | 17        |
| 2.8 Apríl.....                                          | 19        |
| 2.9 Maí.....                                            | 21        |
| 2.10 Júní .....                                         | 21        |
| 2.11 Júlí .....                                         | 22        |
| 2.12 Ágúst.....                                         | 23        |
| <b>3 Snjóflóðayfirlit og vöktun snjóflóðahættu.....</b> | <b>25</b> |
| 3.1 Skráning snjóflóða .....                            | 25        |
| 3.2 Snjóflóðahrinur vetrarins .....                     | 25        |
| 3.3 Óvissustig og rýmingar vetrarins .....              | 26        |
| 3.4 Snjóflóð á vegi .....                               | 27        |
| 3.5 Snjóflóð af mannavöldum .....                       | 30        |
| 3.6 Snjódýptarmælingar.....                             | 33        |
| <b>4 Helstu snjóflóð vetrarins .....</b>                | <b>37</b> |
| 4.1 Landafjall í Öxnadal .....                          | 37        |
| 4.2 Svartafjall í Eskifirði .....                       | 39        |
| 4.3 Sauðatungur í Deildardal, Skagafirði .....          | 41        |
| 4.4 Sviðningsdalur í Kolbeinsdal .....                  | 44        |
| 4.5 Stafdalur, Seyðisfirði.....                         | 46        |
| 4.6 Grísatungufjöll við Húsavík.....                    | 49        |

|                                                       |    |
|-------------------------------------------------------|----|
| Heimildir .....                                       | 52 |
| Viðauki I. Snjódýptarmælingar .....                   | 53 |
| Viðauki II. Stærðarflokkun snjóflóða.....             | 55 |
| Viðauki III. Skráð snjóflóð veturinn 2023 –2024 ..... | 56 |



# Myndaskrá

|                                                                                                                                                                                           |    |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Mynd 1. Aurskriða féll úr öxlinni á Gönguskarðsöxl og ofan í Gönguskarðsá í Dalsmynni í Fnjóskadal. Skriðan skemmdi ljósleiðara og affallsrör sem tengjast vatnaflsvirkjun í dalnum. .... | 11 |
| Mynd 2. Snjóflóð féll í Hlíðarfjalli um miðjan október. ....                                                                                                                              | 12 |
| Mynd 3. Yfirborðshrím í Mývatnssveit í byrjun nóvember.....                                                                                                                               | 13 |
| Mynd 4. Litlar spýjur í Helgafelli í Mosfellsbæ. Ljósmynd: Auður Elva Kjartansdóttir.....                                                                                                 | 14 |
| Mynd 5. Vélsleðamenn settu af stað snjóflóð í Fjörðum. (Ljósmynd: Hermann Karlsson).15                                                                                                    |    |
| Mynd 6. Vinnuvélar hreinsa veginn um Súðavíkurhlíð eftir að snjóflóð féll á veginn. ....                                                                                                  | 17 |
| Mynd 7. Flekaflóð féll undan skíðamanni á skíðasvæðinu í Stafdal í Seyðisfirði. Einn grófst í flóðinu en var bjargað.....                                                                 | 19 |
| Mynd 8. Vott snjóflóð féll í Ljósavatnsskarði 25. apríl og skemmdi trjágróður.....                                                                                                        | 20 |
| Mynd 9. Skíðamenn settu af stað snjóflóð í Bagalsbotnum í Norðfirði 1. Ljósmyndari óþekktur. ....                                                                                         | 21 |
| Mynd 10. Loftmynd af Tröllaskaga frá 12. júní úr Sentinel gervitungli sýnir að talsverður snjór var enn til fjalla.....                                                                   | 22 |
| Mynd 11. Skriða sem féll á Ingveldarstöðum í Hjaltadal.....                                                                                                                               | 23 |
| Mynd 12. Nýr snjódýptarmælir var settur upp í Reynishverfi í ágúst.....                                                                                                                   | 24 |
| Mynd 13. Orsök og fjöldi snjóflóða af mannavöldum.....                                                                                                                                    | 30 |
| Mynd 14. Snjódýpt á sjálfvirkum mælum á Norðanverðum Vestfjörðum veturinn 2023–2024. ....                                                                                                 | 34 |
| Mynd 15. Snjódýpt á sjálfvirkum mælum á Norðurlandi veturinn 2023–2024.....                                                                                                               | 35 |
| Mynd 16. Snjódýpt á sjálfvirkum mælum á Austfjörðum veturinn 2023–2024. ....                                                                                                              | 35 |
| Mynd 17. Snjódýpt á sjálfvirkum mælum víðsvegar á hálendinu veturinn 2023–2024. .                                                                                                         | 36 |
| Mynd 18: Útlínur snjóflóðsins í Bæjargili í Landafjalli 2. apríl.....                                                                                                                     | 38 |
| Mynd 19. Snjóflóð úr Bæjargili í Landafjalli í Öxnadal og stöðvaðist nærri húsum á Efstalandskoti og rétt hjá fjósi á Steinsstöðum 2. ....                                                | 38 |
| Mynd 20. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Bæjargili í Landafjalli í Öxnadal. Myndin sýnir mælda úrkomu, hitastig, vindstyrk og vindátt á völdum stöðum í nágrenninu.....                    | 39 |
| Mynd 21: Kort sem sýnir útlínu snjóflóðsins í Svartafjalli ásamt helstu kennistærðum flóðsins.....                                                                                        | 40 |
| Mynd 22: Snjóflóðið í Svartafjalli, sjá má hvernig það breiðir úr sér og nær langt fram á flatan og nálgast veginn sem sést neðst í hægra horninu. ....                                   | 40 |
| Mynd 23. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Svartafjall í Oddskarði. Myndin sýnir mælda úrkomu, hitastig, vindstyrk og vindátt á völdum stöðum í nágrenninu.....                              | 41 |

|                                                                                                                                                                    |    |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Mynd 24. Kort sem sýnir útlínu snjóflóðsins í Sauðatungum í Deildardal, ásamt helstu kennistærðum flóðsins.....                                                    | 42 |
| Mynd 25. Flóðið í Deildardal fór yfir veg, ána og veginn handan árinna. Einnig má sjá annað flóð vestan við sem fer einnig yfir veg. Ljósmyndari .....             | 43 |
| Mynd 26. Myndin er tekin áður en vegurinn var mokaður. Sjá má krpa í ánni og flóðtunguna talsvert upp hlíðina og yfir veg handan árinna.....                       | 43 |
| Mynd 27. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Sauðatungum í Deildardal. Myndin sýnir mælda úrkomu, hitastig, vindstyrk og vindátt á völdum stöðum í nágrenninu.....      | 44 |
| Mynd 28. Kort sem sýnir útlínu snjóflóðsins í Sviðningsdal í Kolbeinsdal, ásamt helstu kennistærðum flóðsins.....                                                  | 45 |
| Mynd 29. Ljósmynd af snjóflóðinu í Sviðningsdal tekin með flygildi. Á myndinni sést hvernig brotstálið er í austurvanga dalsins. ....                              | 45 |
| Mynd 30. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Sviðningsdal í Kolbeinsdal. Myndin sýnir mælda úrkomu, hitastig, vindstyrk og vindátt á völdum stöðum í nágrenninu.....    | 46 |
| Mynd 31. Kort sem sýnir útlínu snjóflóðsins í Stafdal, ásamt helstu kennistærðum flóðsins. ....                                                                    | 47 |
| Mynd 32. Ljósmynd af snjóflóðinu í Stafdal tekin með flygildi til að sjá heildar útbreiðslu flóðsins.....                                                          | 47 |
| Mynd 33. Mynd teknin neðan eftir að björgunaraðgerðum lauk, talsvert var búið að skíða gilið áður en flóðið féll.....                                              | 48 |
| Mynd 34. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Stafdal. Myndin sýnir mælda úrkomu, hitastig, vindstyrk og vindátt á völdum stöðum í nágrenninu. ....                      | 49 |
| Mynd 35. Flekaflóðið í Grísatungufjöllum var rúmlega 100 m breitt. Brotstálið var líklega um 3 – 4 m hátt þar sem þykkast var. Mynd: Hreinn Hjartarson .....       | 49 |
| Mynd 36: Kort sem sýnir útlínu snjóflóðsins í Grísatungufjöllum, ásamt helstu kennistærðum flóðsins.....                                                           | 50 |
| Mynd 37. Félagar mannsins sem lenti í flóðinu voru snöggir að finna hann og grafa frá vitum hans. Mynd: Hreinn Hjartarson.....                                     | 50 |
| Mynd 38. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Grísatungufjöllum við Húsavík. Myndin sýnir mælda úrkomu, hitastig, vindstyrk og vindátt á völdum stöðum í nágrenninu..... | 51 |

## Töfluskrá

|                                                                                                    |    |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Tafla 1. Fjöldi ofanflóðaskráninga eftir tegund frá 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.<br>..... | 25 |
| Tafla 2. Óvissustig veturinn 2023–2024.....                                                        | 27 |
| Tafla 3. Rýmingar veturinn 2023–2024.....                                                          | 27 |
| Tafla 4. Snjóflóð sem féllu á og lokuðu vegum frá 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.<br>.....   | 28 |
| Tafla 5. Snjóflóð af mannavöldum veturinn 2023–2024. ....                                          | 30 |



## Ágrip

Veturinn 2023–2024 var viðburðaríkur snjóflóðavetur. Óvissustigi vegna snjóflóða var lýst yfir 10 sinnum og gripið var til rýminga sjö sinnum. Snjóflóð af mannvöldum voru óvenju mörg, eða 57 talsins. Engin banaslys urðu en nokkrum var bjargað úr snjóflóðum og einn slasaðist. Snjóflóð á vegi voru 94 talsins.

Fyrstu snjóflóð vetrarins féllu í október og nóvember var fremur tíðindalítill. Í kringum jól gekk norðan stormur yfir norðurhluta landsins með snjókomu og var óvissustigi lýst yfir á norðanverðum Vestfjörðum og Norðurlandi. Í byrjun janúar var óvissustigi lýst yfir á Austfjörðum og gripið til rýminga á Seyðisfirði. Einnig var óvissustigi lýst yfir á Suðurlandi síðar í mánuðinum vegna mögulegrar snjóflóðahættu í Mýrdalnum. Illviðri voru óvenju fátíð í febrúar en þó var óvissustigi lýst yfir á Austfjörðum um miðjan mánuðinn og gripið til rýminga á Seyðisfirði. Nokkur flóð af mannvöldum voru í mánuðinum.

Í marsmánuði féllu fjölmörg snjóflóð, sérstaklega af mannavöldum. Alvarlegustu slysin voru þegar ungur drengur grófst í snjóflóði á skíðasvæðinu í Stafdal á Seyðisfirði og þegar skíðamaður grófst í snjóflóði í Dalsmynni og brotnaði á fæti. Óvissustigi var lýst yfir á Vestfjörðum og Norðurlandi í seinni hluta mánaðarins og gripið til rýminga á Vestfjörðum. Aprílmánuður var kaldur um allt land og var nokkuð um snjóflóð í mánuðinum, sérstaklega í byrjun mánaðar. Óvissustigi var lýst yfir á Austfjörðum í byrjun mánaðar og gripið til rýminga. Nokkuð rólegt var það sem eftir var vetrar, þó féllu nokkur flóð af mannavöldum til viðbótar og vot snjóflóð vegna hlýinda.

**Lykilorð:** Snjóflóð, snjóalög, tíðarfar, snjóflóðaaðstæður, snjódýptarmælingar, snjóflóðavakt, snjóflóðahrinur, snjóflóðaaannáll, annáll, snjóflóð af mannavöldum.

## Abstract

The winter of 2023–2024 was an eventful avalanche season. An uncertainty level due to avalanches was declared 10 times, and evacuations were carried out seven times. There was an unusually high number of human-triggered avalanches, or 57 in total. No fatalities occurred, but several people were rescued from avalanches, and one person was injured. There were 94 avalanches that fell on and closed roads.

The first avalanches of the season fell in October, and November was relatively uneventful. Around Christmas, a storm with northern wind hit the northern part of the country with snowfall, leading to an uncertainty level being declared in the northern Westfjords and North Iceland. At the beginning of January, an uncertainty level was declared in the Eastfjords, and evacuations were carried out in Seyðisfjörður. Later that month, an uncertainty level was also declared in South Iceland due to a possible avalanche danger in Mýrdalur. February had unusually few storms, but an uncertainty level was still declared in the Eastfjords mid-February, leading to evacuations in Seyðisfjörður. Several human-triggered avalanches released that month.

In March, several avalanches released, especially human-triggered ones. The most serious accidents occurred when a young boy was buried in an avalanche in Stafdalur, Seyðisfjörður, and when a skier was buried in an avalanche in Dalsmynni and suffered a broken leg. An uncertainty level was declared in the Westfjords and North Iceland in the latter half of the month, and evacuations were carried out in the Westfjords. April was cold across the country, and several avalanches fell, especially at the beginning of the month. An uncertainty level was declared in the Eastfjords early in the month, leading to evacuations. The rest of the winter was relatively calm, though a few additional human-triggered avalanches and wet avalanches released.

**Key words:** Avalanches, layers, weather conditions, avalanche conditions, snow depth, avalanche duty, avalanche spell, annual report of avalanches.

# 1 Inngangur

Annáll þessi nær yfir öll skráð snjóflóð frá 1. september 2023 til og með 31. ágúst 2024. Flest flóðanna eru skráð af starfsfólki Veðurstofunnar og Vegagerðarinnar en ljóst er að fjölmörg flóð falla á ári hverju án þess að eftir þeim sé tekið eða þau skráð. Allar tölur og talningar á flóðum miðast við ofanflóðagagnagrunn Veðurstofunnar þegar annállinn er gefinn út. Einhverjar breytingar gætu orðið eftir útgáfu annáls, t.d. ef fréttist af áður óþekktum flóðum. Í annálnum er ársyfirlit með tíðarfari hvers mánaðar, samantekt á helstu snjóflóðum og skriðuföllum og öðru er viðkemur störfum ofanflóðavaktar Veðurstofu Íslands. Síðan er ýtarlegri samantekt yfir snjóflóð vetrarins, snjóflóðaskráningar og snjóþýptarmælingar. Að lokum eru nokkur snjóflóð tekin sérstaklega fyrir og þeim gerð betur skil. Í Viðauka III er listi yfir allar snjóflóðafærslur vetrarins sem eru skráðar í ofanflóðagagnagrunn Veðurstofunnar. Myndir sem ekki eru merktar myndatökumanni voru teknar af starfsmönnum Veðurstofunnar.

## 2 Ársyfirlit ofanflóðavaktar

Í þessum kafla er farið yfir helstu atburði eins og óveður, snjóflóð og skriðuföll, rýmingar og annað sem viðkemur störfum ofanflóðavaktar Veðurstofu Íslands. Hver mánuður er tekinn fyrir frá september 2023 út ágúst 2024.

### 2.1 September

Hiti í septembermánuði var nálægt meðallagi árána 1991 til 2020, en undir meðallagi síðustu tíu ára víða um land. Úrkoma var yfir meðallagi á mest öllu landinu. Mikið vatnsveður gerði á Austfjörðum, Norðurlandi og á norðanverðum Vestfjörðum dagana 18. og 19. september. Suðlægar og suðvestlægar áttir voru ríkjandi fyrri hluta mánaðarins en norðaustanáttir seinni hlutann.

Tilkynnt var um nýlegt grjóthrun í Trölladyngju og í nágrenni Grænavatns á Reykjanesskaga þann 12. september. Líklegt er að jarðskjálfti hafi valdið þessu grjóthruni en nokkrum dögum áður var skjálfti af stærðinni 3,8 í nágrenninu. Þann 18. september gekk lægð suður fyrir landið sem beindi mikilli úrkomu á austan- og norðanvert landið. Úrkomun stóð lengi yfir og ákefðin var mikil. Lýst var yfir óvissustigi vegna skriðuhættu á Austfjörðum og gripið til rýminga á Seyðisfirði. Skriður féllu yfir veg í Dalsmynni (mynd 1) og Glerárdal í Eyjafirði og Fannardal í Norðfirði. Fleiri skriður féllu víða á Austfjörðum og á Norðurlandi. Úrkomumet féllu á nokkrum stöðum í þessu veðri.



Mynd 1. Aurskriða féll úr öxlinni á Gönguskarðsöxl og ofan í Gönguskarðsá í Dalsmynni í Fnjóskadal. Skriðan skemmdi ljósleiðara og affallsrör sem tengjast vatnaflsvirkjun í dalnum.



## 2.2 Október

Tíðarfar var nokkuð hagstætt í október. Hiti á landsvísu var nærri meðallagi áranna 1991 til 2020 en undir meðallagi síðustu tíu ára á nær öllu landinu. Það var að tiltölu kaldast á Norðausturlandi en hlýrra suðvestanlands. Fyrsti snjór mánaðarins féll víða þann 12. október. Sérlega hægviðrasamt var í lok mánaðar.

Fyrsta skráða snjóflóð vetrarins var lítið flekaflóð í Kvarnárdal í Skíðadal sem féll í kjölfar snjókomu aðfaranótt 6. október. Dagana 10. og 11. október gekk norðan hvassviðri með mikill úrkomu yfir norðanvert landið. Snjókoma var til fjalla og slydda eða rigning á láglendi. Í þessu veðri féllu nokkur lítil snjóflóð á norðanverðu landinu og ein aurskriða í Hvammsdal í Húnavatnssýslu. Um miðjan mánuðinn féllu allnokkur snjóflóð á norðanverðu landinu í kjölfar snjókomu, m.a. stórt flekahlaup í Hlíðarfjalli (mynd 2). Stuttu seinna hlánaði um allt land og féllu þá nokkur lítil flóð á Norðurlandi. Hægviðrasamt og hlýtt var það sem eftir var mánaðar og voru engin fleiri snjóflóð skráð en tvær tilkynningar um grjóthrun bárust við Landmannalaugar og í Stöðvarfirði.



Mynd 2. Snjóflóð féll í Hlíðarfjalli um miðjan október.

## 2.3 Nóvember

Nóvember var mjög þurr og úrkoma var vel undir meðallagi um land allt. Tíðarfar var gott. Það var hlýtt á sunnanverðu landinu en kaldara norðanlands. Austlægar áttir voru ríkjandi í mánuðinum en það var tiltölulega hægviðrasamt. Óvenju snjólétt var víða.

Yfirborðshrím grófst undir snjó á norðanverðu landinu í byrjun nóvember (mynd 3). Úrkomubakki gekk yfir norðan- og austanvert landið dagana 4.–6. nóvember og féllu þá allnokkur snjóflóð á Tröllaskaga og Austfjörðum, þ.á.m. þrjú stór náttúruleg snjóflóð í Fnjóskadal. Þann 8. nóvember hlánaði dálítið með úrkomu á austanverðu landinu sem olli nokkrum snjóflóðum á Austfjörðum. Mjög fá snjóflóð voru skráð það sem eftir var mánaðar,

aðeins litlar spýjur ofan við Neskaupstað. Gróthrun varð í Þorbirni á Reykjanesskaga í kjölfar jarðskjálfta.



Mynd 3. Yfirborðshrími í Mývatnssveit í byrjun nóvember.

## 2.4 Desember

Desembermánuður var kaldur en meðalhiti var langt undir meðaltali á landinu öllu. Tíð var þó almennt góð. Mánuðurinn var hægviðrasamur og þurr. Að tiltölu var kaldast inn til landsins á norðanverðu landinu en hlýrra við suðurströndina.

Snjóflóð féll í Krossöxl í Ljósavatnsskarði þann 1. desember. Snjóathugunarmaður Veðurstofunnar setti flóðið meðvitað af stað við vinnu við mastur í brekku, en enginn lenti í flóðinu. Lítið snjóflóð féll í Siglufirði þann 6. desember. Á Þorláksmessu féllu allnokkur snjóflóð, þar á meðal setti vélsleði af stað snjóflóð á Lágheiði við Ólafsfjörð og tvö snjóflóð féllu yfir Siglufjarðarveg. Á aðfangadag gekk norðan hvassviðri og stormur yfir norðurhluta landsins með snjókomu og var óvissustigi lýst yfir á Norðurlandi. Nokkur snjóflóð féllu á Tröllaskaga, m.a. eitt í Strengsgili ofan Siglufjarðar sem rann niður meðfram leiðigarðinum Stóra-Bola og yfir Fjarðarveg. Þegar veðrinu slotaði komu í ljós nokkur snjóflóð í Ólafsfirði og á Siglufjarðarvegi, þar af eitt stórt snjóflóð sem var um 4–5 m hátt á veginum. Óvissustigi var aflétt á jóladag. Stórt snjóflóð féll í Pallahnjúk í Siglufirði þann 30. desember. Sama dag féll snjóflóð í Hólshyrnu á Karlsárdal, sem mögulega var sett af stað af vélsleðamönnum.

Nokkur snjóflóð féllu í Bolungarvík eftir snjókomu 5. desember. Þann 22. desember féllu allnokkur snjóflóð í Súðavíkurlíð, eitt þeirra náði yfir veginn. Einnig féll snjóflóð yfir veginn um Spilli í Súgandafirði. Tvö snjóflóð féllu í Raknadalshlíð í Patreksfirði á Þorláksmessu en náðu ekki á veginn. Á Þorláksmessukvöld féll snjóflóð yfir veginn um Eyrarhlíð og lokaðist vegurinn. Á miðnætti aðfaranótt aðfangadags var óvissustigi lýst yfir á norðanverðum Vestfjörðum. Á aðfangadag féllu allnokkur snjóflóð yfir veg um Eyrarhlíð milli Ísafjarðar og Hnífsdals. Einnig féllu snjóflóð úr Kirkjubólshlíð og yfir veg. Mikil ófærð var og samgöngutruflanir vegna snjóflóðahættu. Óvissustigi var aflétt á jóladag. Eftir að veðrinu slotaði komu þrjú snjóflóð í ljós ofan við Flateyri.

Einu skráðu flóðin á Austfjörðum í desember voru nokkrar spýjur og lítill lausaflóð í Eskifirði eftir snjókomu þann 3. desember. Á gamlárskvöld tók að snjóa töluvert á Austfjörðum með rigningu á láglendi.



Mynd 4. Litlar spýjur í Helgafelli í Mosfellsbæ. Ljósmynd: Auður Elva Kjartansdóttir

## 2.5 Janúar

Janúar var tiltölulega kaldur og hiti var undir meðallagi á mest öllu landinu. Kaldast var á Austurlandi en hlýrra á vestari hluta landsins. Umhleytingasamt veður einkenndi síðasta hluta mánaðarins.

Talsvert snjóaði í fjöllum á Austfjörðum í hvassri austanátt á nýársdag en rigning var á láglandi. Óvissustigi var lýst yfir á nýársdag vegna ofanflóðahættu á Austfjörðum og var gripið til rýminga undir Strandartindi á Seyðisfirði. Rýmingu var aflétt þann 2. janúar og óvissustigi var aflétt 3. janúar. Allnokkur vot snjóflóð féllu þessa daga og dagana á eftir víða á Austfjörðum, m.a. í Seyðisfirði, Norðfirði, Eskifirði og Reyðarfirði en ekkert þeirra ógnaði byggð. Einnig féllu snjóflóð þessa daga á Tröllaskaga og Vestfjörðum. Þann 6. janúar setti vélsleðafólk af stað nokkur snjóflóð í Fjörðum (mynd 5).



*Mynd 5. Vélsleðamenn settu af stað snjóflóð í Fjörðum. (Ljósmynd: Hermann Karlsson).*

Engum varð meint af. Þann 7. janúar hlýnaði í veðri víða um land og vörðu hlýindin í nokkra daga. Dagana 8. og 9. janúar féllu nokkur snjóflóð í Eskifirði og Norðfirði. Stórt vott snjóflóð féll í Héðinsfirði í þessum hlýindum ásamt nokkrum minni flóðum. Tilkynt var um grjóthrun í Ytri-Kirkjubólshlíð og við Sólheimajökul 10. og 12. janúar, sem hafa líklega orsakast af hlýindunum. Dagana 16. og 17. janúar snjóaði talsvert á Austfjörðum og féllu þrjú snjóflóð í Svartafjalli í Eskifirði í þessu veðri. Næstu daga féllu nokkur snjóflóð á Tröllaskaga og Austfjörðum. Þann 19. janúar var óvissustigi vegna snjóflóðahættu lýst yfir á Suðurlandi þegar mikilli snjókomu og austan skafrenningi var spáð í Mýrdalnum. Því var aflétt morguninn eftir. Þann 25. janúar gekk djúp lægð meðfram vestanverðu landinu með hríðarveðri og ákafri snjókomu og hlýindum í kjölfarið. Í þessu veðri féllu fjölmörg snjóflóð á Vestfjörðum og Tröllaskaga en ekkert þeirra var stórt eða olli tjóni. Þann 27. janúar var vetrarveður víða um land en aðeins tilkynt um nokkur lítil snjóflóð í Norðfirði. Að kvöldi 29. janúar og að morgni 30. janúar féllu þrjú snjóflóð í Súðavíkurhlíð eftir langvarandi suðvestlægar áttir. Flóðin náðu öll inn á veg.



## 2.6 Febrúar

Febrúarmánuður var kaldur og var hiti undir meðallagi á landinu öllu. Snjór þakti stóran hluta landsins meiri hluta mánaðarins. Tíð var þó tiltölulega góð, það var hægviðrasamt og illviðri voru óvenjulega fátíð. Norðaustlægar áttir voru algengastar. Það var tiltölulega þurrt suðvestanlands en úrkomusamara norðaustanlands.

Gönguhópur setti af stað snjóflóð skammt frá skálanum Gamla í Kjarnaskógi í Eyjafirði 2. febrúar. Einn barst með flóðinu en slasaðist ekki. Þann 3. febrúar féllu nokkur snjóflóð á Tröllaskaga og á Vestfjörðum, m.a. eitt flóð sem féll á veginn um Súðavíkurhlíð (mynd 6). Flest þessi flóð féllu í austlægum viðhorfum eftir ríkjandi suðvestanáttir. Eitt flóð féll í Hlíðarfjalli þann 4. febrúar vegna sprengingar. Þann 6. febrúar var norðlæg átt með snjókomu á norðurhellingi landsins. Þann dag féllu nokkur snjóflóð á Tröllaskaga og á Vestfjörðum, m.a. snjóflóð af stærð 3 sem féll á Ólafsfjarðarveg og snjóflóð af stærð 2,5 á Súðavíkurhlíð. Einnig féll annað stórt flóð af stærð 3 í Þóróddsstaðafjalli í Ólafsfirði. Nokkuð rólegt veður var næstu daga en nokkur lítil snjóflóð féllu hér og þar, m.a. í Norðfirði og Patreksfirði. Þann 10. febrúar féll um 40 m breitt flekaflóð undan vélsleða í Grímudal vestan við Dalvík. Þann 11. febrúar tók að snjóa á Austfjörðum og féllu nokkur snjóflóð í Norðfirði. Þann 12. febrúar bætti í með austlægri átt og var óvissustigi lýst yfir vegna snjóflóðahættu á Austfjörðum. Gripið var til rýminga undir Strandartindi á Seyðisfirði. Allnokkur snjóflóð féllu á Austfjörðum í þessu veðri, m.a. tvö stór snjóflóð í Svartafjalli í Eskifirði. Einnig féll stórt snjóflóð í Ljósavatnsskarði og annað í Fnjóskadal. Óvissustiginu var aflýst daginn eftir. Þann 14. febrúar setti vélsleði af stað snjóflóð í Fáskrúðsfirði. Enginn lenti í flóðinu. Þann 18. febrúar féllu allnokkur snjóflóð á Austfjörðum og Tröllaskaga, m.a. eitt stórt snjóflóð í Burstabrekkudal. Næstu daga féllu litlar spýjur hér og þar á landinu. Þann 22. febrúar beindi lægð norðlægri átt með snjókomu yfir landið. Í þessu veðri féllu fjölmörg snjóflóð í Ólafsfirði og ofan Ólafsfjarðarvegar en stöðvuðust spölkorn ofan vegar. Norðlæg átt var næstu daga og féllu nokkur snjóflóð á Tröllaskaga, nærri Dalvík og í Siglufirði. Þann 25. febrúar féllu tvö lítil snjóflóð í Seyðisfirði en saman dag setti skíðamaður af stað um 100 m breitt flekaflóð á Skíðasvæðinu í Stafdal. Skíðamaðurinn lenti ekki í flóðinu. Aðfaranótt 26. febrúar gengu skil yfir landið með hláku á sunnan- og vestanverðu landinu. Í þessu veðri féll stórt snjóflóð í Hnappadal á Snæfellsnesi og nokkur lítil snjóflóð féllu í Skutulsfirði. Skilin gengu svo austur yfir landið. Þann 28. febrúar birti til og komu þá í ljós fjölmörg snjóflóð á Tröllaskaga og í Eyjafirði. Sama dag var flóð sett af stað með sprengingu í Hlíðarfjalli.



Mynd 6. Vinnuvélar hreinsa veginn um Súðavíkurhlíð eftir að snjóflóð féll á veginn.

## 2.7 Mars

Mars var sólríkur, þurr og tiltölulega hlýr á sunnanverðu landinu en kaldara og úrkomusamara var á norðurhluta landsins. Norðaustlægar áttir voru ríkjandi stóran hluta mánaðarins og var úrkoma vel yfir meðallagi á norður- og austurhellingi landsins. Töluverð snjóþyngsli voru á norðan- og austanverðu landinu í lok mánaðar, auk hvassviðris sem ollu þónokkrum samgöngutruflunum. Nokkur fjöldi snjóflóða féll í þessum landshlutum.

Mörg snjóflóð féllu á Austfjörðum í mars. Skíðamenn settu af stað tvö snjóflóð í Oddsskarði þann 2. mars en enginn grófst. Sama dag féll lítið flekaflóð eða hengja undan skíðamanni á skíðasvæðinu í Stafdal (mynd 7). Flóðið féll á dreng sem grófst en hann var grafinn upp í tæka tíð og slapp án meiðsla. Þann 3. mars byrjaði mikil snjókoma sem hélt áfram 4. mars. Fjölmörg snjóflóð féllu þá á Austfjörðum, m.a. eitt stórt úr Skágili ofan við Neskaupstað. Þann 5. mars hlýnaði á landinu með þónokkurri rigningu á láglendi á austanverðu landinu og var vart við grjóthrun í Njarðvíkurskriðum og Kambanesskriðum. Mikið tók upp af snjó á Austfjörðum. Engin snjóflóð voru skráð fyrr en 14. mars en þá féll stórt snjóflóð í Svartafelli í Eskifirði. Aðfaranótt 16. mars snjóaði víða um land og féllu allnokkur snjóflóð í nýsnævi þann daginn á Austfjörðum. Þann 19. mars féllu tvö vot snjóflóð í Fannardal í Norðfirði, annað þeirra var stórt. Vélsleðamenn settu af stað snjóflóð í Fannardal í Norðfirði þann 20. mars.

Á Norðurlandi féllu fjölmörg snjóflóð í mars, og sérstaklega mörg af mannavöldum. Þann 5. mars féll stórt snjóflóð í Hlíðarfjalli vegna sprengingar og skíðamaður setti af stað lítið snjóflóð í Ólafsfirði. Aðfaranótt 16. mars féllu nokkur snjóflóð á Tröllaskaga og skíðamenn settu af stað tvö lítil snjóflóð í Hlíðarfjalli þann 19. mars. Einnig féll snjóflóð á Ólafsfjarðarveg að kvöldi 19. mars. Þann 20. mars féllu tvö snjóflóð í Hlíðarfjalli vegna sprenginga. Að kvöldi 21. mars var óvissustigi lýst yfir á Norðurlandi og nokkrum vegum var lokað. Þá nótt féll stórt snjóflóð í Ósbrekkufjalli í Ólafsfirði sem fór yfir veginn út að Kleifum norðan fjarðarins og í sjó fram. Einnig féllu tvö stór snjóflóð í Ljósavatnsskarði. Aðfaranótt 23. mars hélt veðrið áfram og féllu fjölmörg snjóflóð, m.a. á Tröllaskaga, bæði Skagafjarðar- og Eyjafjarðarmegin, í Fnjóskadal og víðar. Tvö stór snjóflóð féllu þá nótt í Ólafsfjarðarmúla, þau voru um 120 m og 65 m breið á veginum. Fjölmörg önnur minni flóð féllu víða á Norðurlandi. Óvissustigi á Norðurlandi var aflétt rétt fyrir hádegis þann 23. mars. Þann 26. mars settu vélsleðar líklega af stað stórt snjóflóð í Héðinsfirði. Yfir páskana var vart við nokkur snjóflóð á dag víða um land. Nokkur snjóflóð féllu 27. og 28. mars, m.a. eitt undan skíðamanni í Skarðsdal í Siglufirði og eitt sem vélsleði setti af stað skammt frá Húsavík. Sleðamaðurinn grófst í flóðinu en var bjargað af félögum sínum. Þann 30. mars féllu þrjú snjóflóð vegna skíðafólks, eitt í Hlíðarfjalli, eitt á Kaldbak og það þriðja ofan við Skarð í Dalsmynni. Einn grófst um tíma og brotnaði á fæti. Þann 31. mars féllu nokkur stór snjóflóð, m.a. í Ljósavatnsskarði sem náði yfir veg og eitt í Ytrafjalli í Ólafsfirði. Eitt snjóflóð féll ofan Ólafsfjarðarvegar sem náði yfir veg.

Líklegt er að vélsleði hafi sett af stað snjóflóð í Tungudal á Ísafirði snemma í mars. Þann 17. mars kom lægð upp að landinu sem olli hvassri norðaustanátt með stórhrið á norðvesturhluta landsins. Þann dag var lýst yfir óvissustigi vegna snjóflóðahættu á norðanverðum Vestfjörðum. Veðrið gekk niður 19. mars og var óvissustiginu aflétt. Í þessu veðri féllu fjölmörg snjóflóð víða á Vestfjörðum, flest þeirra lítil, en eitt stórt féll í Hjarðardalsgili í Dýrafirði og náði tungan yfir veg. Óvissustigi vegna snjóflóðahættu var aftur lýst yfir á Vestfjörðum að kvöldi 20. mars. Spáð var norðaustan stormi með snjókomu. Allnokkur snjóflóð féllu þann 21. mars. Snjóflóð féll á veginn um Raknadalshlíð og annað á veginn um Spilli í Súgandafirði. Einnig féllu mörg snjóflóð í norðanverðum Súgandafirði og eitt snjóflóð í Innra-Bæjargili ofan Flateyrar. Gripið var til rýminga á Ísafirði og tveimur sveitabæjum í nágrenni Bolungarvíkur og mörgum vegum lokað á Vestfjörðum. Aðfaranótt 22. mars féllu fjölmörg snjóflóð yfir vegi í Súðavíkurhlíð, Eyrarhlíð og Ytri-Kirkjubólshlíð. Stórt snjóflóð féll einnig yfir veginn í Selabólsurð, það var um 380 m breitt og náði niður í fjöru. Óvissustiginu var aflétt á Vestfjörðum að morgni 23. mars. Radar á Flateyri nam alls fjögur snjóflóð ofan við Flateyri dagana 29. og 30. mars. Vart var við nokkur stór snjóflóð seinna um vorið í nokkrum landshlutum, sem líklegast féllu um og fyrir páska.



*Mynd 7. Flekaflóð féll undan skíðamanni á skíðasvæðinu í Stafdal í Seyðisfirði. Einn grófst í flóðinu en var bjargað.*

## 2.8 Apríl

Apríl var kaldur um allt land og var meðalhiti mánaðarins undir meðallagi aprílmánaðar síðustu tíu ára. Einkum var kalt á Norður- og Austurlandi, víða á Austurlandi var meðalhiti aprílmánaðar lægri en meðalhitinn í mars. Óvenjupurrt var í mánuðinum víða um land að undanskildu norðausturhorni landsins. Tiltölulega snjópungt var á norður- og austurhluta landsins fram eftir mánuði.

Fyrstu tvo daga aprílmánaðar féllu allnokkur snjóflóð, flest á Norðurlandi og sum þeirra stór. Stór snjóflóð féllu yfir vegi í Ljósavatnsskarði, Fnjóskadal og Hestfirði 1. og 2. apríl. Einnig féll mjög stórt snjóflóð í Svartafjalli í Eskifirði þann 2. apríl, og náði næstum að veginum upp í Oddsskarð. Stórt snjóflóð féll í Bæjargili í Öxnadal og náðu brak og smáar gróðurleifar úr flóðinu heim að húsvegg í Efstalandskoti. Sama dag féllu einnig þrjú snjóflóð á Norðurlandi af völdum vélsleða. Einn sleðamaður grófst en var bjargað af félögum sínum í tæka tíð. Skíðamenn settu einnig af stað lítið flekaflóð í Böggvisstaðafjalli ofan Dalvíkur og í Kaldbak. Þann 5. apríl snjóaði töluvert á vestanverðu landinu og féllu þá þrjú snjóflóð yfir veg á Búlandshöfða á Snæfellsnesi. Daginn eftir féll snjóflóð úr Enni við Ólafsvík og yfir veg. Þann 7. apríl kom lægð að landinu með norðaustan hvassviðri með snjókomu. Óvissustigi var lýst yfir á Austfjörðum og Norðurlandi að kvöldi 6. apríl og hættustigi á Seyðisfirði og í Neskaupstað þar sem nokkur hús voru rýmd. Hættustigi var aflýst þann 8. apríl og óvissustigi að morgni 9. apríl. Í þessi veðri féllu allnokkur snjóflóð á Austfjörðum og Norðurlandi, m.a. stór snjóflóð í Harðskafa í Eskifirði, Húsavíkurfjalli, Hofsskarði í Hörgárdal og eitt mjög stórt snjóflóð í Klaufabrekknadal á Lágheiði. Tvö flekaflóð féllu undan skíðamönnum í Tungudal við Dalvík 9. og 10. apríl. Nokkur vot snjóflóð féllu á Austfjörðum 11. apríl eftir rigningu. Næstu daga féllu allnokkur snjóflóð, flest á norðan- og vestanverðu landinu, og voru sum þeirra mjög stór, m.a. í Skíðadal, Stíflu og Kaldalóni. Tvö



snjóflóð voru sett af stað með sprengingu í Hlíðarfjalli þann 19. apríl. Þann 20. apríl hlýnaði um allt land og var talsverð rigning á Suðvestur- og Vesturlandi. Í þessu veðri féllu fjölmörg flóð víða um land. Nokkur þeirra voru stór og sum fóru yfir vegi, t.d. á Dynjandisheiði. Einnig féllu nokkrar aurskriður í þessu veðri. Í lok mánaðar féllu nokkur vot snjóflóð vegna hlýinda (mynd 8).



*Mynd 8. Vott snjóflóð féll í Ljósavatnsskarði 25. apríl og skemmdi trjágróður.*

## 2.9 Maí

Maí var tiltölulega hlýr og var hiti yfir meðallagi á flestum veðurstöðvum landsins. Hljýjast var á norðaustan- og austanverðu landinu. Þar var sólríkt og þurrt. Það var tiltölulega kaldara og úrkomusamara suðvestan- og vestanlands.

Þann 1. maí settu skíðamenn af stað snjóflóð í Bagalsbotnum í Norðfirði (mynd 9). Skíðamaður lenti í flóðinu en náði að skíða út úr því. Skíðamaður setti einnig af stað snjóflóð í Botnsdal í Súgandafirði þann 8. maí. Hann barst stutta vegalengd með flóðinu. Tveimur dögum seinna setti vélsleði af stað snjóflóð í Ytrafjalli í Ólafsfirði. Sleðamaðurinn barst með flóðinu og grófst að hluta en slapp ómeiddur. Næstu daga féllu litlar votar spýjur víða um land. Einnig var vart við grjóthrun og litlar aurspýjur hér og þar. Í lok maí féllu nokkur snjóflóð á Norðurlandi í leysingum og voru nokkur þeirra nokkuð stór.



*Mynd 9. Skíðamenn settu af stað snjóflóð í Bagalsbotnum í Norðfirði 1. Ljósmyndari óþekktur.*

## 2.10 Júní

Júní var tiltölulega kaldur á landinu öllu, sérstaklega norðaustanlands. Einnig var óvenjulega úrkomusamt á Norðausturlandi. Nokkuð langvinnt norðanhret gekk yfir landið í byrjun mánaðar. Óvenjumikið snjóaði á norðanverðu landinu miðað við árstíma sem olli töluverðum vandræðum.

Talsverður snjór safnaðist til fjalla í hretinu í byrjun júní (mynd 10), sérstaklega út með annesjum á Tröllaskaga og Flateyjarskaga en einnig innar í landi á norðaustanverðu landinu. Allnokkur vot snjóflóð féllu í þessu veðri á Tröllaskaga, m.a. eitt stórt snjóflóð í Arnfinnsfjalli í Ólafsfirði þann 7. júní. Það sem eftir lifði mánaðar var tilkynnt um nokkrar skriður og grjóthrun, sérstaklega á norðanverðu landinu. Oft mátti rekja þær til leysinga.



*Mynd 10. Loftmynd af Tröllaskaga frá 12. júní úr Sentinel gervitungli sýnir að talsverður snjór var enn til fjalla.*

## 2.11 Júlí

Júlí var tiltölulega hlýr á norðanverðu landinu, en það var svalara sunnanlands. Loftþrýstingur var óvenju lágur í mánuðinum, vindhraði var yfir meðallagi og tíð var nokkuð óhagstæð miðað við árstíma. Það var óvenju blautt og þungbúið á suðvestan- og vestanverðu landinu. Á nokkrum veðurstöðvum á Vesturlandi var júlíúrkoman sú mesta sem mælst hefur. Það var þurrara og sólríkara á Norður- og Austurlandi.

Í júlí bárust engar tilkynningar um snjóflóð, hins vegar ollu leysingar nokkrum skriðum.



Þann 13.–14. júlí, var sérstaklega mikið vatnsveður á Vesturlandi. Í Grundarfirði mældist mesta úrkoman, þ.e. 227 mm af regni sem er mesta úrkoma sem mæld hefur verið á einum sólarhring í Grundarfirði og jafnframt mesta sólarhringsúrkoma sem mæld hefur verið í júlímánuði á landsvísu. Áhugavert er að þó að úrkomumet hafi verið slegið var ekki mikið um skriðuföll á svæðinu umhverfis Grundarfjörð. Þann 13. júlí féllu skriður í Svínadal á Skarðsströnd sem lokuðu vegi. Mikið vatnsveður var einnig á Norðurlandi 21.–22. júlí. Í því veðri féllu nokkrar skriður, flestar á Tröllaskaga (mynd 11).



Mynd 11. Skriða sem féll á Ingveldarstöðum í Hjaltadal.

## 2.12 Ágúst

Ágúst var kaldur og úrkomusamur um allt land. Víða var meðalhitinn sá lægsti sem mælst hefur í ágústmánuði á þessari öld og ágústúrkoman mældist óvenjumikil á fjölda veðurstöðva. Loftþrýstingur var óvenjulágur um allt land. Meðalloftþrýstingur hefur aldrei mælst jafn lágur í ágústmánuði í Reykjavík frá upphafi mælinga árið 1820. Víða var óvenjuhvasst í mánuðinum. Mikil vatnsveður ollu vandræðum í flestum landshlutum í mánuðinum, en þau orsökuðu m.a. skriðuföll, flóð og mikla vatnavexti í ám.

Um verslunarmannahelgina féllu nokkrar aurskriður á Ströndum vegna úrkomu. Dagana 23.–24. ágúst féllu fjölmargar skriður í miklu vatnsveðri sem gekk yfir norðurhluta landsins. Flestar þeirra féllu á Tröllaskaga en einnig féllu nokkrar í Húnavatnssýslu og á Vestfjörðum. Í þessu veðri er eina snjóflóð mánaðarins skráð en vott snjóflóð féll í Hestskarðshnjúk í Siglufirði.



*Mynd 12. Nýr snjódyptarmælir var settur upp í Reynishverfi í ágúst.*

### 3 Snjóflóðayfirlit og vöktun snjóflóðahættu

#### 3.1 Skráning snjóflóða

Fyrir tímabilið 1. september 2023 til 31. ágúst 2024 eru 975 ofanflóðaskráningar í ofanflóðagagnasafni Veðurstofu Íslands, þar af eru 785 snjóflóðaskráningar og 190 skriðuskráningar. Í sumum tilfellum geta verið nokkur flóð í sömu skráningunni en þetta á sérstaklega við um litlar spýjur og ómerkileg flóð. Útlínur eru teiknaðar fyrir stærri og merkilegri flóð ef nægar upplýsingar eru til. Ef ástæða þykir til eru flóð GPS-mæld en útlínur geta einnig verið unnar út frá ljósmyndum eða minni þess sem sá flóðið. Yfirleitt eru ekki teiknaðar útlínur á flóðum sem eru minni en 2 á stærð (sjá viðauka II fyrir útskýringar) nema það teljist sérstakt á einhvern hátt. Tafla 1 sýnir heildarfjölda ofanflóðaskráninga þennan vetur og eru þau flokkuð eftir tegundum.

*Tafla 1. Fjöldi ofanflóðaskráninga eftir tegund frá 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.*

| Tegund              | Fjöldi |
|---------------------|--------|
| Aurskriða           | 98     |
| Flekahlaup          | 5      |
| Grjóthrun           | 24     |
| Ískögglahrun        | 1      |
| Jarðvegsskriða      | 32     |
| Krapaflóð           | 3      |
| Lausasnjóflóð       | 4      |
| Skriða              | 34     |
| Skriðflóð           | 1      |
| Snjóflóð            | 22     |
| Vott flekahlaup     | 115    |
| Vott lausasnjóflóð  | 75     |
| Þurrt flekahlaup    | 490    |
| Þurrt lausasnjóflóð | 71     |

#### 3.2 Snjóflóðahrinur vetrarins

Veturinn 2023–2024 voru skráðar fimm snjóflóðahrinur. Þá er átt við mörg snjóflóð sem falla í sama veðrinu, stundum yfir nokkurra daga tímabil og yfirleitt í sama landshlutanum.

##### **Snjóflóðahrina í Svarfaðardal 15. október 2023**

Rigning í hægri SA-lægri átt, hiti um 1 stig á láglendi og það rigndi þónokkuð hátt upp með fjöllum. Hiti í fjallahæð náði 1°C um miðjan daginn. Það hafði snjóað mikið í framdalnum og talsvert til fjalla á Vesturkjálkanum í N-lægum áttum 10–11.10. og 12.10. Þegar tók að rigna þann 15. október tóku lítil flekahlaup að falla og fóru fremur stutt því snjór var býsna jafndreifður um hlíðar. Hrinan gæti hafa teygst fram á 16. október.

### **Snjóflóðahrina á Vestfjörðum 20.–22. mars 2024**

Austan og norðaustan stormur með snjókomu gekk yfir landið 20. mars. Vindur varð svo norðlægar og kólnaði en 22. mars sneri aftur í norðaustan stórhrið með skafrenningi. Mörg flóð féllu á vegi á Vestfjörðum, meðal annars á Flateyrarveg, Hnífsdalsveg, Kirkjubólshlíð, Súðavíkurhlíð og Raknadalshlíð. Nokkur snjóflóð féllu í sjó fram í norðanverðum Súgandafirði. Ekki var vart við flóðbylgju í kjölfar flóðanna en talsverður krapí var í firðinum. Stórt snjóflóð féll úr Urðarskál við norðanverðan Önundarfjörð og yfir Flatreyrarveg, flóðið náði niður í fjöru.

### **Snjóflóðahrina á Mið- Norðurlandi 21–23. mars 2024**

Norðan og norðaustan óveður gekk yfir norðanvert landið, fyrst um sinn var slydda eða rigning á láglendi en þann 22. mars kólnaði og fór að snjóa á láglendi. Veðrið gekk niður aðfaranótt 23. mars og að morgni þess dags. Mörg nokkuð stór snjóflóð féllu á svæðinu. Stórt snjóflóð féll yfir veginn að Kleifum í Ólafsfirði og í sjó fram aðfaranótt föstudags 22. mars, flóðið var um 4–5 m þykkt á veginum. Aðfaranótt laugardags 23. mars féllu tvö stór flóð yfir Ólafsfjarðarveg austan við göng og annað minna flóð féll á Siglufjarðarveg vestan Strákaganga. Að auki féllu snjóflóð í Ólafsfirði, ofan Dalvíkur, Skagafirði, Hörgárdal, Dalsmynni, Ljósavatnsskarði, Eyjafirði og víðar.

### **Snjóflóðahrina á Norðurlandi 29. mars – 3. apríl 2024**

Snjóflóðahrina þessi er oft nefnd páskahrinan. Háloftadrag kom með úrkomu á N- og NA-land með miklu frosti og köldum snjó og svo fylgdi viðvarandi NA-éljagangur. Snjóflóð féllu á Ólafsfjarðarveg, Sigufjarðarveg og veginn um Ljósavatnsskarð. Allnokkur flekaflóð féllu í veðrinu á Norðurlandi, Eyjafirði, Öxnadal, Ólafsfirði, Siglufirði og annarstaðar á Tröllaskaga. Nokkur flóðanna voru merkileg, t.d. ofan Steinstaða 2 í Öxnadal, í Sauðatundum í Deildardal og í Kolbeinsdal, fjallað er nánar um þessi flóð í kafla 4. Bæði í veðrinu og strax í kjölfar þess féllu mörg snjóflóð af mannavöldum.

### **Snjóflóðahrina á Tröllaskaga 6.–8. júní 2024**

Dagana 4.–5. júní gekk yfir N- og NV-áhlaup með snjókomu við sjávarmál á Norðanverðu landinu og safnaðist töluverður snjór miðað við árstíma á Tröllaskaga. Pagar á leið hlýnaði og snjólína lyftist í um 50 m hæð yfir sjávarmál. Það birti ekki almennilega upp fyrr en 8. júní í Framdal Svarfaðardals og þá komu mörg vot flekahlaup í ljós.

## **3.3 Óvissustig og rýmingar vetrarins**

Óvissustig vegna snjóflóðahættu var lýst yfir 10 sinnum veturinn 2023–2024 (tafla 2) og 7 sinnum var gripið til rýminga (tafla 3). Þrisvar sinnum var óvissustig lýst yfir á Vestfjörðum en þar af tvisvar aðeins á norðanverðum fjörðunum. Einnig var lýst yfir óvissustigi þrisvar sinnum á Austfjörðum og á Norðurlandi. Einu sinni var lýst yfir óvissustigi á Suðurlandi. Gripið var til rýminga á Ísafirði, Hnífsdal og í Bolungarvík í óveðri í mars. Nokkrum sinnum var rýmt á Seyðisfirði, þá oftast reitur 4 og 6.

Tafla 2. Óvissustig veturinn 2023–2024.

| Svæði                   | Ástæða         | Sett                | Aflýst              |
|-------------------------|----------------|---------------------|---------------------|
| Norðanverðir Vestfirðir | Snjóflóðahættu | 2023-12-23 23:59:00 | 2023-12-25 14:30:00 |
| Norðurland              | Snjóflóðahættu | 2023-12-24 09:30:00 | 2023-12-25 11:15:00 |
| Austfirðir              | Ofanflóðahættu | 2024-01-01 14:00:00 | 2024-01-03 07:00:00 |
| Suðurland               | Snjóflóðahættu | 2024-01-19 14:00:00 | 2024-01-20 09:00:00 |
| Austfirðir              | Ofanflóðahættu | 2024-02-12 08:00:00 | 2024-02-13 07:00:00 |
| Norðanverðir Vestfirðir | Snjóflóðahættu | 2024-03-17 10:00:00 | 2024-03-19 12:05:00 |
| Vestfirðir              | Snjóflóðahættu | 2024-03-20 22:00:00 | 2024-03-23 08:30:00 |
| Norðurland              | Snjóflóðahættu | 2024-03-21 19:00:00 | 2024-03-23 17:00:00 |
| Austfirðir              | Snjóflóðahættu | 2024-04-06 22:00:00 | 2024-04-09 07:00:00 |
| Norðurland              | Snjóflóðahættu | 2024-04-06 22:00:00 | 2024-04-09 07:00:00 |

Tafla 3. Rýmingar veturinn 2023–2024.

| Staður        | Hvar                     | Sett                | Aflýst              |
|---------------|--------------------------|---------------------|---------------------|
| Seyðisfjörður | Reitir 4 og 6            | 2024-01-01 14:00:00 | 2024-01-02 19:00:00 |
| Seyðisfjörður | Flísahúsið               | 2024-02-12 09:30:00 | 2024-02-13 06:00:00 |
| Ísafjörður    | Reitur 9                 | 2024-03-21 16:00:00 | 2024-03-22 17:30:00 |
| Bolungarvík   | Geirastaðir og Fremri Ós | 2024-03-21 21:00:00 | 2024-03-22 18:00:00 |
| Hnífsdalur    | Hraun                    | 2024-03-20 21:35:00 | 2024-03-22 18:00:00 |
| Seyðisfjörður | Reitir 17 og 18          | 2024-04-06 22:00:00 | 2024-04-08 15:00:00 |
| Neskaupstaður | Reitur 4                 | 2024-04-06 22:00:00 | 2024-04-08 08:30:00 |

### 3.4 Snjóflóð á vegi

Í gagnagrunni Veðurstofunnar er skráð að ofanflóð loki vegi ef það fellur yfir þjóðveg eða aðra vegi og vegslóða sem almenningur notar til að komast á milli staða og flóðið er það stórt að það lokar veginum fyrir umferð. Snjóflóðavakt Veðurstofunnar gerir snjóflóðaspá fyrir sjö vegi á landinu en það eru veginir um Kirkjubóls- og Súðavíkurhlíð milli Ísafjarðar og Súðavíkur, Flateyjarvegur, Siglufjarðarvegur, Ólafsfjarðarvegur, vegurinn um Ljósavatnsskarð, vegurinn um Fagradal undir Grænaelli og Raknadalshlíð í Patreksfirði.

Talsverð umferð fólks til og frá vinnu og annarra erinda er um þessa sjö vegi og eru snjóflóðaspárnar gerðar fyrir Vegagerðina sem metur í framhaldi af því hvort grípa þurfi til ráðstafana.

Alls voru gerðar 95 skráningar fyrir snjóflóð sem féllu á vegi landsins frá 1.sept 2023 til 31. ágúst 2024 og í töflu 4 má sjá lista yfir þessi snjóflóð í tímaröð. Sumar skráninganna innihalda nokkur flóð, einkum þegar flóð renna saman og erfitt er að greina á milli tunga. Nánari upplýsingar um flóðin eru einnig í viðauka III.



Tafla 4. Snjóflóð sem féllu á og lokuðu vegum frá 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.


| Flóð  | Dags.         | Farvegur                                        | Breidd | Dýpt |
|-------|---------------|-------------------------------------------------|--------|------|
| 58368 | 22.12.2023    | Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 1             |        |      |
| 58369 | 22.12.2023    | Súgandafjörður sunnanverður                     |        |      |
| 58372 | 23.12.2023    | Miðstrandargil                                  |        |      |
| 58374 | 23.12.2023    | Eyrarhlíð                                       |        |      |
| 58376 | 24.12.2023    | Innan flugstöðvar                               | 70     | 1    |
| 58375 | 24.12.2023    | Eyrarhlíð                                       |        |      |
| 58390 | 24.12.2023    | Miðstrandargil                                  | 80     | 4    |
| 58391 | 24.12.2023    | Landsendi                                       |        |      |
| 58442 | 23–25.12.2023 | Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 4             | 20     | 0,8  |
| 58443 | 23–25.12.2023 | Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 2             | 40     | 1,2  |
| 58444 | 23–25.12.2023 | Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 5             | 30     | 1    |
| 58445 | 23–25.12.2023 | Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 6             | 30     | 1,2  |
| 58446 | 23–25.12.2023 | Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 7             | 35     | 1,5  |
| 58447 | 23–25.12.2023 | Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 8             | 35     | 2    |
| 58448 | 23–25.12.2023 | Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 9             | 25     | 1    |
| 58449 | 23–25.12.2023 | Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 13            | 50     | 2    |
| 58450 | 23–25.12.2023 | Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 18            | 30     | 2,5  |
| 58451 | 23–25.12.2023 | Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 19            | 10     | 1,7  |
| 58452 | 23–25.12.2023 | Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 20            | 20     | 2    |
| 58453 | 23–25.12.2023 | Súðavíkurhlíð, Fjargil (vegagerðarfarvegur 21)  | 30     | 2,3  |
| 58454 | 23–25.12.2023 | Súðavíkurhlíð, Djúpagil (vegagerðarfarvegur 22) | 50     | 2    |
| 58463 | 24.12.2023    | Eyrarhlíð 6                                     | 90     |      |
| 58464 | 24.12.2023    | Kolgrafargil                                    | 40     |      |
| 58465 | 24.12.2023    | Krossgil                                        | 60     | 2    |
| 58466 | 23–25.12.2023 | Arnarfjörður norðanverður                       | 35     | 1,5  |
| 58467 | 23–25.12.2023 | Arnarfjörður norðanverður                       | 30     | 1    |
| 58468 | 23–25.12.2023 | Arnarfjörður norðanverður                       | 25     | 1    |
| 58384 | 24.12.2023    | Götugil                                         | 55     | 1,2  |
| 58380 | 24.12.2023    | Ytri-Kirkjubólshlíð 6                           |        |      |
| 58520 | 29.1.2024     | Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 20            | 23     | 1,5  |
| 58525 | 31.1–2.2.2024 | Hænuvík og nágrenni                             | 20     | 1,5  |
| 58526 | 31.1–2.2.2024 | Hænuvík og nágrenni                             | 5      | 1,5  |
| 58529 | 3.2.2024      | Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 12            | 20     |      |
| 58537 | 6.2.2024      | Súðavíkurhlíð, Fjargil (vegagerðarfarvegur 21)  | 25     | 1,5  |
| 58538 | 6.2.2024      | Ólafsfjarðarmúli farv. 33b, Klif                |        |      |
| 58539 | 6.2.2024      | Ólafsfjarðarvegur farv. 38                      | 30     |      |
| 58557 | 12.2.2024     | Súgandafjörður sunnanverður                     | 15     | 1,5  |
| 58763 | 17–19.3.2024  | Arnarfjörður                                    | 25     | 0,8  |
| 58764 | 17–19.3.2024  | Arnarfjörður                                    | 25     | 0,5  |
| 58723 | 18.3.2024     | Hjarðardalsgil                                  | 80     | 1,4  |
| 58735 | 19.3.2024     | Annað gil utan Ytra-Bæjargils                   |        |      |

| Flóð  | Dags.          | Farvegur                               | Breidd | Dýpt |
|-------|----------------|----------------------------------------|--------|------|
| 58746 | 19.3.2024      | Ólafsfjarðarmúli farv. 33b, Klif       |        |      |
| 58864 | 20/21.3.2024   | Spillir                                |        |      |
| 58762 | 21.3.2024      | Raknadalshlíð                          |        |      |
| 58770 | 21.–22.03.2024 | Krossgil                               | 100    | 1,5  |
| 58771 | 21.–22.03.2024 | Kolgrafargil                           | 45     | 1,5  |
| 58775 | 21/22.3.2024   | Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar       |        |      |
| 58774 | 21/22.3.2024   | Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar       |        |      |
| 58776 | 21/22.3.2024   | Ytri-Kirkjubólshlíð                    |        |      |
| 58777 | 21/22.3.2024   | Ytri-Kirkjubólshlíð                    |        |      |
| 58778 | 21/22.3.2024   | Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar       |        |      |
| 58834 | 21/22.3.2024   | Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 10   | 45     |      |
| 58855 | 21/22.3.2024   | Milli Sprengigilja og Breiðabólsskálar |        |      |
| 58769 | 22.3.2024      | Ósbrekkufjall - öxl                    |        | 4,5  |
| 58773 | 21/22.3.2024   | Selabólsurð, undir Urðarskál           | 380    | 1,2  |
| 58793 | 22/23.3.2024   | Arnarfjörður                           |        |      |
| 58811 | 21/22.3.2024   | Ytri-Kirkjubólshlíð 9                  | 105    |      |
| 58812 | 21/22.3.2024   | Ytri-Kirkjubólshlíð 11                 | 120    |      |
| 58830 | 22.3.2024      | Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 2    |        |      |
| 58831 | 21/22.3.2024   | Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 4    | 35     |      |
| 58832 | 21/22.3.2024   | Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 7    | 40     |      |
| 58833 | 21/22.3.2024   | Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 8    | 75     |      |
| 58835 | 21/22.3.2024   | Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 15   | 35     |      |
| 58836 | 21/22.3.2024   | Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 18   | 45     |      |
| 58791 | 22/23.3.2024   | Þorfinnur                              |        |      |
| 58792 | 22/23.3.2024   | Þorfinnur                              |        |      |
| 58809 | 22.3.2024      | Krossgil                               |        |      |
| 58779 | 22.3.2024      | Eyrarsveit                             | 15     | 1,3  |
| 58780 | 22.3.2024      | Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar       | 120    |      |
| 58783 | 22/23.3.2024   | Ólafsfjarðarvegur farv. 39             | 120    |      |
| 58784 | 22/23.3.2024   | Ólafsfjarðarvegur farv. 38             | 65     |      |
| 58788 | 23.3.2024      | Traðargil                              | 30     | 50   |
| 58914 | 21–28.3.2024   | Reykhólasveit                          |        |      |
| 57397 | 27.3–3.4.2024  | Milli Sprengigilja og Breiðabólsskálar | 170    |      |
| 58909 | 31.3–2.4.2024  | Krossöxl                               | 35     |      |
| 58911 | 31.3.2024      | Ólafsfjarðarvegur farv. 36             | 10     | 1    |
| 58950 | 29.3–1.4.2024  | Brúarlandshlíð                         | 60     |      |
| 58981 | 31.3/1.4.2024  | Fnjóskadalur                           | 40     | 0,5  |
| 58982 | 31.3/1.4.2024  | Fnjóskadalur                           | 70     | 1    |
| 58979 | 31.3/1.4.2024  | Skarðströnd                            | 190    | 1    |
| 58915 | 1.4.2024       | Hestfjörður                            | 30     |      |
| 58924 | 2.4.2024       | Veisusel                               | 95     | 1    |
| 58951 | 2.4.2024       | Sauðatungur (Kambsgil ytra, Reitsgil)  | 200    |      |
| 58985 | 5.4.2024       | Snæfellsnes                            | 10     | 1    |
| 58986 | 5.4.2024       | Snæfellsnes                            | 10     | 1    |
| 58987 | 5.4.2024       | Snæfellsnes                            | 10     | 1    |
| 58990 | 6.4.2024       | Enni                                   | 30     | 0,5  |

| Flóð  | Dags.        | Farvegur                        | Breidd | Dýpt |
|-------|--------------|---------------------------------|--------|------|
| 58993 | 7.4.2024     | Axlarhyrna                      | 20     | 2,5  |
| 59114 | 12/13.4.2024 | Kaldalón að norðanverðu         |        |      |
| 59060 | 20/21.4.2024 | Ísafjörður í Ísafjarðardjúpi    | 10     |      |
| 59061 | 20/21.4.2024 | Arnarfjörður                    | 40     | 1,4  |
| 59093 | 21.4.2024    | Arnarfjörður norðanverður       | 20     | 1    |
| 59086 | 21.4.2024    | Seyðisfjörður í Ísafjarðardjúpi | 100    | 1,2  |
| 59085 | 22.4.2024    | Hestfjörður                     | 270    | 1,5  |

### 3.5 Snjóflóð af mannavöldum

Alls voru 57 snjóflóð skráð af mannavöldum veturinn 2023–2024 (mynd 13, tafla 5). Flest flóðanna, eða 25 þeirra, voru sett af stað af skíðafólki. Næstflest flóðanna, eða 16 talsins, voru sett af stað af vélsleðum. Engin banaslys urðu þennan veturinn en hurð skall nærri hælum þrisvar þegar manneskja grófst alveg en var bjargað af nærstöddum. Í einu tilfellanna brotnaði skíðamaður á fæti og hlaut stungusár.



Mynd 13. Orsök og fjöldi snjóflóða af mannavöldum.

Tafla 5. Snjóflóð af mannavöldum veturinn 2023–2024.

|                                                                                                                                     |                        |                   |                          |                      |                   |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------|-------------------|--------------------------|----------------------|-------------------|
| <b>58296</b>                                                                                                                        | <b>Dags:</b> 7.11.2023 | <b>Stærð:</b> 2,5 | <b>Orsök:</b> Skíðamaður | <b>Upptök:</b> 900 m | <b>Viðhorf:</b> A |
| Skíðahópur setti af stað flekaflóð í Púðurbakkanum með fjarbroti.                                                                   |                        |                   |                          |                      |                   |
| <b>58297</b>                                                                                                                        | <b>Dags:</b> 7.11.2023 | <b>Stærð:</b> 2   | <b>Orsök:</b> Skíðamaður | <b>Upptök:</b> 900 m | <b>Viðhorf:</b> A |
| Skíðahópur setti af stað flekaflóð í Púðurbakkanum með fjarbroti. Það rann saman við stærra flóð sem þau settu af stað á sama tíma. |                        |                   |                          |                      |                   |

|                                                                                                                                                     |                         |                   |                                |                       |                        |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------|-------------------|--------------------------------|-----------------------|------------------------|
| <b>58335</b>                                                                                                                                        | <b>Dags:</b> 1.12.2023  | <b>Stærð:</b> 1,5 | <b>Orsök:</b> Göngumaður       | <b>Upptök:</b> 550 m  | <b>Viðhorf:</b> SV     |
| Punnur en breiður fleki sprakk undan göngumönnum í SV-vísandi fjallsbrún ofan við Ljósavatn.                                                        |                         |                   |                                |                       |                        |
| <b>58373</b>                                                                                                                                        | <b>Dags:</b> 23.12.2023 | <b>Stærð:</b> 2   | <b>Orsök:</b> Vélsleði         | <b>Upptök:</b> Óskráð | <b>Viðhorf:</b> Óskráð |
| Vélsleði setti flekaflóð af stað á Lágheiði.                                                                                                        |                         |                   |                                |                       |                        |
| <b>58422</b>                                                                                                                                        | <b>Dags:</b> 3.1.2024   | <b>Stærð:</b> 1,5 | <b>Orsök:</b> Troðari          | <b>Upptök:</b> Óskráð | <b>Viðhorf:</b> NV     |
| Snjótroðari setti af stað snjóflóð í Sólskinsbrekkunni í Bláfjöllum.                                                                                |                         |                   |                                |                       |                        |
| <b>58430</b>                                                                                                                                        | <b>Dags:</b> 6.1.2024   | <b>Stærð:</b> 2   | <b>Orsök:</b> Vélsleði         | <b>Upptök:</b> 800 m  | <b>Viðhorf:</b> V      |
| Þrjú þurr snjóflóð féllu innst í Leirdal í Hvalvatnsfirði vegna vélsleða.                                                                           |                         |                   |                                |                       |                        |
| <b>58431</b>                                                                                                                                        | <b>Dags:</b> 6.1.2024   | <b>Stærð:</b> 2   | <b>Orsök:</b> Vélsleði         | <b>Upptök:</b> 800 m  | <b>Viðhorf:</b> V      |
| Þrjú þurr snjóflóð féllu innst í Leirdal í Hvalvatnsfirði vegna vélsleða.                                                                           |                         |                   |                                |                       |                        |
| <b>58433</b>                                                                                                                                        | <b>Dags:</b> 6.1.2024   | <b>Stærð:</b> 2,5 | <b>Orsök:</b> Vélsleði         | <b>Upptök:</b> 800 m  | <b>Viðhorf:</b> V      |
| Þrjú þurr snjóflóð féllu innst í Leirdal í Hvalvatnsfirði vegna vélsleða.                                                                           |                         |                   |                                |                       |                        |
| <b>58482</b>                                                                                                                                        | <b>Dags:</b> 19.1.2024  | <b>Stærð:</b> 1   | <b>Orsök:</b> Vélsleði         | <b>Upptök:</b> Óskráð | <b>Viðhorf:</b> Óskráð |
| Lítið flekaflóð var sett af stað með fjarbroti í Burstabrekkudal, Ólafsfirði.                                                                       |                         |                   |                                |                       |                        |
| <b>58527</b>                                                                                                                                        | <b>Dags:</b> 2.2.2024   | <b>Stærð:</b> 2   | <b>Orsök:</b> Göngumaður       | <b>Upptök:</b> 300 m  | <b>Viðhorf:</b> NA     |
| Fólk setti flekaflóð af stað í Kjarnaskógi skammt frá skálanum Gamla.                                                                               |                         |                   |                                |                       |                        |
| <b>58531</b>                                                                                                                                        | <b>Dags:</b> 3.2.2024   | <b>Stærð:</b> 1,5 | <b>Orsök:</b> Snjóruðningstæki | <b>Upptök:</b> 300 m  | <b>Viðhorf:</b> A      |
| Snjóflóð féll um 200 m vestan við fossinn í Seljadalsá eftir að snjóblásari blés í brekkuna.                                                        |                         |                   |                                |                       |                        |
| <b>58535</b>                                                                                                                                        | <b>Dags:</b> 4.2.2024   | <b>Stærð:</b> 2   | <b>Orsök:</b> Sprenging        | <b>Upptök:</b> 1000 m | <b>Viðhorf:</b> A      |
| Sprengiturinn í Hlíðarfjalli setti af stað 50 m breiðan og um 50 cm þykkann fleka.                                                                  |                         |                   |                                |                       |                        |
| <b>58549</b>                                                                                                                                        | <b>Dags:</b> 10.2.2024  | <b>Stærð:</b> 2   | <b>Orsök:</b> Vélsleði         | <b>Upptök:</b> Óskráð | <b>Viðhorf:</b> S      |
| Um 40 m breiður fleki féll undan vélsleða sem ekið var skáhallt niður bratta en stutta S-vísandi brekku í Grímudal, þverdal Upsadals ofan Dalvíkur. |                         |                   |                                |                       |                        |
| <b>58563</b>                                                                                                                                        | <b>Dags:</b> 14.2.2024  | <b>Stærð:</b> 2   | <b>Orsök:</b> Vélsleði         | <b>Upptök:</b> 700 m  | <b>Viðhorf:</b> S      |
| Vélsleði setti af stað snjóflóð í Fáskrúðsfirði. Enginn lenti í flóðinu.                                                                            |                         |                   |                                |                       |                        |
| <b>58588</b>                                                                                                                                        | <b>Dags:</b> 22.2.2024  | <b>Stærð:</b> 1,5 | <b>Orsök:</b> Sprenging        | <b>Upptök:</b> 1000 m | <b>Viðhorf:</b> A      |
| Sprengiturinn í Hlíðarfjalli setti af stað þunnt flekaflóð í Brúninni.                                                                              |                         |                   |                                |                       |                        |
| <b>58605</b>                                                                                                                                        | <b>Dags:</b> 25.2.2024  | <b>Stærð:</b> 2   | <b>Orsök:</b> Skíðamaður       | <b>Upptök:</b> 600 m  | <b>Viðhorf:</b> SA     |
| Skíðamaður setti um 100 m breitt flekaflóð af stað á skíðasvæðinu í Stafdal. Skíðamaðurinn lenti ekki í flóðinu.                                    |                         |                   |                                |                       |                        |
| <b>58618</b>                                                                                                                                        | <b>Dags:</b> 28.2.2024  | <b>Stærð:</b> 1,5 | <b>Orsök:</b> Sprenging        | <b>Upptök:</b> 1000 m | <b>Viðhorf:</b> A      |
| Lítið flóð fór af stað við sprengingar í Hlíðarfjalli.                                                                                              |                         |                   |                                |                       |                        |
| <b>58645</b>                                                                                                                                        | <b>Dags:</b> 29.2.2024  | <b>Stærð:</b> 1   | <b>Orsök:</b> Göngumaður       | <b>Upptök:</b> Óskráð | <b>Viðhorf:</b> SA     |
| Göngumaður setti af stað spýju í Illviðrishnjúki.                                                                                                   |                         |                   |                                |                       |                        |
| <b>58663</b>                                                                                                                                        | <b>Dags:</b> 2.3.2024   | <b>Stærð:</b> 2   | <b>Orsök:</b> Vélsleði         | <b>Upptök:</b> Óskráð | <b>Viðhorf:</b> Óskráð |
| Líklegt er að vélsleði hafi sett af stað snjóflóð í Tungudal.                                                                                       |                         |                   |                                |                       |                        |
| <b>58662</b>                                                                                                                                        | <b>Dags:</b> 2.3.2024   | <b>Stærð:</b> 1,5 | <b>Orsök:</b> Skíðamaður       | <b>Upptök:</b> 650 m  | <b>Viðhorf:</b> SV     |
| Skíðamaður setti af stað snjóflóð í Magnúsartindi í Oddsskarði.                                                                                     |                         |                   |                                |                       |                        |
| <b>58664</b>                                                                                                                                        | <b>Dags:</b> 2.3.2024   | <b>Stærð:</b> 1,5 | <b>Orsök:</b> Skíðamaður       | <b>Upptök:</b> 600 m  | <b>Viðhorf:</b> S      |
| Skíðamaður setti af stað snjóflóð á skíðasvæðinu í Oddsskarði.                                                                                      |                         |                   |                                |                       |                        |
| <b>58661</b>                                                                                                                                        | <b>Dags:</b> 2.3.2024   | <b>Stærð:</b> 2   | <b>Orsök:</b> Skíðamaður       | <b>Upptök:</b> 500 m  | <b>Viðhorf:</b> S      |

Snjóflóð féll af mannavöldum í gili rétt við skíðaleið í Stafdal. Skíðamaður grófst en var bjargað upp.

**58702** Dags: 5.3.2024 Stærð: 3 Orsök: Sprenging Upptök: 1000 m Viðhorf: A  
Stórt snjóflóð féll í Hlíðarfjalli vegna sprengingar.

**58703** Dags: 5.3.2024 Stærð: 1,5 Orsök: Skíðamaður Upptök: Óskráð Viðhorf: S  
Skíðamaður setti af stað lítið vott lausasnjóflóð í Ólafsfirði.

**58709** Dags: 16.3.2024 Stærð: 1,5 Orsök: Skíðamaður Upptök: Óskráð Viðhorf: A  
Skíðamenn settu af stað nokkurra metra breitt lausasnjóflóð undir Grashólabrún. Flóðið stöðvaðist í miðri hlíð.

**58719** Dags: 18.3.2024 Stærð: 1,5 Orsök: Skíðamaður Upptök: Óskráð Viðhorf: SA  
Skíðamenn settu af stað snjóflóð í Karlsárdal í SA viðhorfi.

**58743** Dags: 19.3.2024 Stærð: 1 Orsök: Skíðamaður Upptök: 1050 m Viðhorf: A  
Skíðamaður setti af stað lítinn fleka í Hlíðarskál í 1050 m hæð, í austurviðhorfi.

**58749** Dags: 19.3.2024 Stærð: 1 Orsök: Skíðamaður Upptök: 850 m Viðhorf: Óskráð  
Skíðamaður setti af stað lítinn fleka í Hlíðarskál í um 850 m hæð.

**58755** Dags: 20.3.2024 Stærð: 1,5 Orsök: Sprenging Upptök: 1000 m Viðhorf: A  
Snjóflóðasprengingar í Hlíðarfjalli settu af stað tvö flekaflóð í Brúninni. Annað var breitt en þunnt.

**58756** Dags: 20.3.2024 Stærð: 1,5 Orsök: Sprenging Upptök: 1000 m Viðhorf: A  
Snjóflóðasprengingar í Hlíðarfjalli settu af stað tvö flekaflóð í Brúninni. Annað fór nokkuð langt en var ekki breitt, um 40 m.

**58760** Dags: 20.3.2024 Stærð: 1,5 Orsök: Vélsleði Upptök: Óskráð Viðhorf: S  
Vélsleðamenn settu af stað snjóflóð í Fannardal í Norðfirði.

**58799** Dags: 23.3.2024 Stærð: 1 Orsök: Skíðamaður Upptök: 400 m Viðhorf: S  
Lítið hengjuhrun í Sandfelli innan við lyftu á skíðasvæði í Skutulsfirði.

**58873** Dags: 26.3.2024 Stærð: 3 Orsök: Vélsleði Upptök: Óskráð Viðhorf: Óskráð  
Stórt snjóflóð féll í innanverðum Héðinsfirði, líklega vegna vélsleða.

**58869** Dags: 26.3.2024 Stærð: 1 Orsök: Göngumaður Upptök: 600 m Viðhorf: NV  
Lítill fleki fór af stað við álag undan göngufólki í Eldborgargili í Bláfjöllum.

**58870** Dags: 26.3.2024 Stærð: 1 Orsök: Göngumaður Upptök: 600 m Viðhorf: NV  
Lítill fleki fór af stað við álag undan göngufólki í Eldborgargili í Bláfjöllum.

**58899** Dags: 28.3.2024 Stærð: 2 Orsök: Vélsleði Upptök: Óskráð Viðhorf: Óskráð  
Maður á vélsleða lenti í snjóflóði skammt frá Húsavík.

**58910** Dags: 28.3.2024 Stærð: 2 Orsök: Skíðamaður Upptök: Óskráð Viðhorf: N  
Skíðamaður setti af stað snjóflóð í Skarðsdal í Siglufirði.

**58984** Dags: 30.3.2024 Stærð: 1,5 Orsök: Skíðamaður Upptök: 700 m Viðhorf: A  
Skíðafólk setti af stað snjóflóð í Reithólum í Hlíðarfjalli. Einn barst með flóðinu stutta vegalengd en grófst ekki.

**59181** Dags: 30.3.2024 Stærð: 2 Orsök: Skíðamaður Upptök: Óskráð Viðhorf: S  
Skíðamaður setti af stað snjóflóð með fjarbroti í Kaldbak.

**58906** Dags: 30.3.2024 Stærð: 2,5 Orsök: Skíðamaður Upptök: 300 m Viðhorf: S  
Skíðafólk setti af stað snjóflóð í öxlinni ofan við Skarð í Fnjóskadal. Einn grófst um tíma og brotnaði á fæti.

**58912** Dags: 1.4.2024 Stærð: 1,5 Orsök: Skíðamaður Upptök: Óskráð Viðhorf: Óskráð  
Skíðamaður setti af stað snjóflóð í Böggvisstaðarfjalli.

|                                                                                                                                                                                              |                        |                   |                          |                       |                        |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------|-------------------|--------------------------|-----------------------|------------------------|
| <b>58929</b>                                                                                                                                                                                 | <b>Dags:</b> 2.4.2024  | <b>Stærð:</b> 2,5 | <b>Orsök:</b> Vélsleði   | <b>Upptök:</b> Óskráð | <b>Viðhorf:</b> Óskráð |
| Vélsleðar settu af stað snjóflóð í Dýjadal.                                                                                                                                                  |                        |                   |                          |                       |                        |
| <b>58953</b>                                                                                                                                                                                 | <b>Dags:</b> 2.4.2024  | <b>Stærð:</b> 2,5 | <b>Orsök:</b> Skíðamaður | <b>Upptök:</b> Óskráð | <b>Viðhorf:</b> Óskráð |
| Skíðamaður setti af stað flekaflóð með fjarbroti neðarlega í Kaldbak.                                                                                                                        |                        |                   |                          |                       |                        |
| <b>58946</b>                                                                                                                                                                                 | <b>Dags:</b> 2.4.2024  | <b>Stærð:</b> 2   | <b>Orsök:</b> Vélsleði   | <b>Upptök:</b> 200 m  | <b>Viðhorf:</b> V      |
| Vélsleðar settu af stað snjóflóð norðan við Prasastaði í Fljótum.                                                                                                                            |                        |                   |                          |                       |                        |
| <b>58944</b>                                                                                                                                                                                 | <b>Dags:</b> 2.4.2024  | <b>Stærð:</b> 3   | <b>Orsök:</b> Sprenging  | <b>Upptök:</b> 1000 m | <b>Viðhorf:</b> A      |
| Snjóflóðaspreningar í Hlíðarfjalli settu af stað allstórt flekaflóð.                                                                                                                         |                        |                   |                          |                       |                        |
| <b>58947</b>                                                                                                                                                                                 | <b>Dags:</b> 2.4.2024  | <b>Stærð:</b> 2   | <b>Orsök:</b> Vélsleði   | <b>Upptök:</b> 550 m  | <b>Viðhorf:</b> SV     |
| Vélsleðamaður setti af snjóflóð í Grísatungufjöllum. Einstaklingur grófst í flóðinu en var bjargað af félögum sínum.                                                                         |                        |                   |                          |                       |                        |
| <b>58967</b>                                                                                                                                                                                 | <b>Dags:</b> 3.4.2024  | <b>Stærð:</b> 2,5 | <b>Orsök:</b> Skíðamaður | <b>Upptök:</b> Óskráð | <b>Viðhorf:</b> SA     |
| Skíðamenn lentu í snjóflóði og þrír hálfgrófust en engin slys urðu á fólki.                                                                                                                  |                        |                   |                          |                       |                        |
| <b>59006</b>                                                                                                                                                                                 | <b>Dags:</b> 9.4.2024  | <b>Stærð:</b> 2,5 | <b>Orsök:</b> Skíðamaður | <b>Upptök:</b> 600 m  | <b>Viðhorf:</b> S      |
| Skíðamenn settu flekaflóð af stað í suðurvísandi hlíð í Tungudal. Hæð upptaka voru í um 600 m. Flóðið fór af stað í nýjum vindflekum sem hafði byggst upp í NA-hríðarveðri dagana 7.–8.apríl |                        |                   |                          |                       |                        |
| <b>59008</b>                                                                                                                                                                                 | <b>Dags:</b> 10.4.2024 | <b>Stærð:</b> 2   | <b>Orsök:</b> Skíðamaður | <b>Upptök:</b> Óskráð | <b>Viðhorf:</b> Óskráð |
| Skíðamaður setti af stað snjóflóð í Tungudal ofan Dalvíkur.                                                                                                                                  |                        |                   |                          |                       |                        |
| <b>59026</b>                                                                                                                                                                                 | <b>Dags:</b> 12.4.2024 | <b>Stærð:</b> 1   | <b>Orsök:</b> Vélsleði   | <b>Upptök:</b> Óskráð | <b>Viðhorf:</b> Óskráð |
| Lítið flekaflóð féll undan vélsleða í Hrafnbjörgum við Skriðu.                                                                                                                               |                        |                   |                          |                       |                        |
| <b>59038</b>                                                                                                                                                                                 | <b>Dags:</b> 19.4.2024 | <b>Stærð:</b> 1   | <b>Orsök:</b> Sprenging  | <b>Upptök:</b> 1000 m | <b>Viðhorf:</b> A      |
| Tvö lítil snjóflóð sett af stað með sprengingu á skíðasvæði Hlíðarfjalls.                                                                                                                    |                        |                   |                          |                       |                        |
| <b>59039</b>                                                                                                                                                                                 | <b>Dags:</b> 19.4.2024 | <b>Stærð:</b> 1   | <b>Orsök:</b> Sprenging  | <b>Upptök:</b> 1000 m | <b>Viðhorf:</b> A      |
| Tvö lítil snjóflóð sett af stað með sprengingu á skíðasvæði Hlíðarfjalls.                                                                                                                    |                        |                   |                          |                       |                        |
| <b>59066</b>                                                                                                                                                                                 | <b>Dags:</b> 21.4.2024 | <b>Stærð:</b> 2   | <b>Orsök:</b> Skíðamaður | <b>Upptök:</b> Óskráð | <b>Viðhorf:</b> S      |
| Skíðamaður setti af stað lítið snjóflóð í Oddsskarði. Enginn grófst í flóðinu.                                                                                                               |                        |                   |                          |                       |                        |
| <b>59104</b>                                                                                                                                                                                 | <b>Dags:</b> 25.4.2024 | <b>Stærð:</b> 1   | <b>Orsök:</b> Skíðamaður | <b>Upptök:</b> Óskráð | <b>Viðhorf:</b> S      |
| Skíðamaður setti af stað lausaflóð í suðurvísandi hlíð.                                                                                                                                      |                        |                   |                          |                       |                        |
| <b>59109</b>                                                                                                                                                                                 | <b>Dags:</b> 1.5.2024  | <b>Stærð:</b> 2   | <b>Orsök:</b> Skíðamaður | <b>Upptök:</b> 300 m  | <b>Viðhorf:</b> V      |
| Skíðamaður setti af stað snjóflóð í gili beint fyrir ofan Maríuhól innarlega í Norðfirði.                                                                                                    |                        |                   |                          |                       |                        |
| <b>59113</b>                                                                                                                                                                                 | <b>Dags:</b> 8.5.2024  | <b>Stærð:</b> 2   | <b>Orsök:</b> Skíðamaður | <b>Upptök:</b> Óskráð | <b>Viðhorf:</b> SV     |
| Vott lausasnjóflóð féll undan skíðamanni í Botnsdal í Súgandafirði.                                                                                                                          |                        |                   |                          |                       |                        |
| <b>59111</b>                                                                                                                                                                                 | <b>Dags:</b> 10.5.2024 | <b>Stærð:</b> 2   | <b>Orsök:</b> Vélsleði   | <b>Upptök:</b> Óskráð | <b>Viðhorf:</b> Óskráð |
| Vélsleði setti af stað snjóflóð í Ytrafjalli. Sleðamaðurinn barst með flóðinu og grófst að hluta en slapp ómeiddur.                                                                          |                        |                   |                          |                       |                        |

### 3.6 Snjódýptarmælingar


Að neðan eru snjódýptarlínurit úr sjálfvirkum mælum á norðanverðum Vestfjörðum, Tröllaskaga og Austfjörðum sem gefa ágætis mynd af snjósöfnun vetrarins (myndir 14–16). Í viðauka I eru einnig línurit frá öllum þeim stöðum þar sem snjódýpt er lesin af stikum. Snjódýpt er mæld í hlíðum ofan bæja þar sem snjóflóð geta ógnað byggð. Á u.þ.b tveggja vikna fresti er snjódýpt lesin af stikum sem eru staðsettar í hlíðum ofan bæjanna. Stikunum



hefur farið fækkandi síðustu ár þar sem uppbygging varnarvirkja er lokið eða langt komin og sjálfvirkir snjódýptarmælar og flygildi sem mæla snjódýpt með mikilli nákvæmni hafa einnig leyst þessar eldri stikur af hólmi

### Vestfirðir


Snjór byrjaði að safnast í fjöll á Norðanverðum Vestfjörðum fyrri hluta október en sjatnaði aftur undir lok mánaðar. Snjósöfnun var hæð fyrri part vetrar en um jólin gekk í norðan stórhrið og bætti þá talsvert í snjó, sérstaklega í Seljalandsdal og í Bolungarvík, minna safnaðist á mæla ofan við Flateyri. Rétt eftir áramót hlánaði og snjódýpt minnkaði hratt. Smá saman safnaðist snjór á mæla þegar leið á veturinn en mest þó í norðanátt og talsverðri snjókomu í kringum 21.–24. mars og var snjódýpt mest á Seljalandsdal um 2,4 m. Lítið bætti á snjó eftir það og tók jafnt og þétt upp með vorinu en hækkaði þó á mælum í maíhreti. Orðið var snjólaust á öllum mælum um miðjan júní.



Mynd 14. Snjódýpt á sjálfvirkum mælum á Norðanverðum Vestfjörðum veturinn 2023–2024.

### Norðurland


Einungis tveir bergmálmælar voru virkir á Norðurlandi veturinn 2023–2024 en þar er hægt að sjá að lítið snjór safnaðist framan af vetri en í stórhrið um jól safnaðist þó eitthvað á mæla. Hlaka um áramót hafði mikil áhrif á snjódýpt og byrjaði ekki almennilega að safnast á mæla fyrr en um miðjan febrúar. Norðan stórhrið í kringum 21.–24. mars bætti vel á mæla og sést sú hækking vel á mælinum í Ólafsfirði. Aftur bætti í snjó í páskaveðrinu og náði snjódýpt mest um 1,5 m á Tindöxl í Ólafsfirði. Eftir miðjan apríl fór snjór að sjatna á mælum en vorhretin sjást vel á snjódýptarmælingum í Ólafsfirði, bæði í maí og júní. Minni snjór safnaðist á mælinn í Hafnarfjalli í Siglufirði í þessum vorhretum en staðsetning mælis m.t.t. viðhorfs og hæðar gæti skýrt þennan mun á mælingum.



Mynd 15. Snjódýpt á sjálfvirkum mælum á Norðurlandi veturinn 2023–2024.

### Austfirðir


Veturinn 2023–2024 voru einungis tveir virkir bergmálsælar sem mæla snjódýpt á Ausfjörðurm, í Neskaupstað og á Seyðisfirði. Um miðjan október snjóaði til fjalla og safnaðist hátt í 50 cm á mæla sem sjatnaði nokkrum dögum síðar. Í byrjun nóvember snjóaði talsvert í fjöllum í NA átt. Jafnt og þétt bætti á mælana þegar leið á veturinn, þó hafi sjatnað í snjónum inná milli. Mestur snjór safnaðist á mæla í Seyðisfirði undir lok mars í norðanáhlaupi. Snjór blés hratt úr fjöllum í Neskaupstað í því veðri en safnaði þó í gil og skorninga. Um miðjan mars fór að sjatna hratt í snjónum en augljós hækkun var á báðum mælum í júní hretinu. Snjólaust var á báðum mælum í byrjun júlí.



Mynd 16. Snjódýpt á sjálfvirkum mælum á Austfjörðum veturinn 2023–2024.

## Hálendið

Reknir eru fimm bergmáls snjódýptarmælar á hálendinu, í Brúaröræfum, Eyjabökkum, Kárahnjúkum, Setri og við Lónskvísl (mynd 17). Allir þessara mælar eru í meira en 600 m h.y.s, en hæstur er mælirinn á Brúarjökli í 784 m h.y.s. Lítil snjór safnaðist á mælana á hálendinu á haustmánuðum en um miðjan desember sést talsverð hækkun, sérstaklega á Setri. Hláka rétt eftir áramót sést skýrt á nokkrum mælanna, en jafnt og þétt yfir veturinn varð snjódýptin meiri og var mest í krinumg 40–60 cm á flestum mælum nema á Setri. Á Setri mældist snjódýpt mest 140 cm í mars og út apríl. Allir mælar sýna skarpa breytingu í lok apríl þegar fór að vora.



Mynd 17. Snjódýpt á sjálfvirkum mælum víðsvegar á hálendinu veturinn 2023–2024.


## 4 Helstu snjóflóð vetrarins

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir nokkrum markverðum flóðum vetrarins. Margir ólíkir þættir eru skoðaðir til að meta hvort flóð telst markvert. Flóð sem valda eignatjóni eða slysum á fólki teljast alltaf markverð. Stórt snjóflóð þarf hins vegar ekki endilega að teljast markvert ef það fellur í þekktum snjóflóðafarvegi þar sem stór snjóflóð eru tíð. Snjóflóð sem fellur á óvenjulegum stað gæti hins vegar talist markvert þó að það sé ekki stórt. Hverju flóði fylgir kort sem sýnir útlínur eða staðsetningu flóðsins ef útlínur eru ekki til.

Veðuraðdragandi snjóflóðanna var skoðaður eins og hann mældist á sjálfvirkum veðurstöðvum. Fyrir hvert flóð eru línurit sem sýna hitastig, uppsafnaða úrkomu, vindhraða og vindátt dagana áður en flóðið féll. Valdar voru veðurstöðvar sem eru næstar umræddum flóðum til þess að fá sem besta mynd af veðuraðdragandanum. Veðurstöðvarnar gefa þó aðeins vísbendingar um veðrið á þeim stað þar sem snjóflóðið féll vegna áhrifa frá landslagi, fjarlægð veðurstöðva frá viðkomandi flóði o.fl. Landslag og fjöll hafa einnig mikil áhrif á úrkomu og má gera ráð fyrir að úrkoma hafi verið talsvert meiri á upptakasvæðum flóðanna en línuritin sýna. Ef nákvæm tímasetning er til fyrir tiltekið flóð er hún teiknuð sem rauð lóðrétt lína á veðurgraf. Ef nákvæm tímasetning er ekki til, er óvissan í tímasetningu sýnt sem grænn rammi og rauða línar tákna líklegasta tímann.

### 4.1 Landafjall í Öxnadal

Stórt snjóflóð féll í Bæjargili í Landafjalli í Öxnadal aðfaranótt 3. apríl 2024 (myndir 18–19). Ábúendur heyrðu mikla hviðu um kl 4:30 sem þau töldu ekki vera vegna veðurs. Flóðið er breiðara og nær lengra til norðurs en þekkt flóð í farveginum. Flóðið var þurrt flekahlaup og stöðvaðist um 60–70 m ofan við fjósið á Steinsstöðum 2 en kusk og gróðurleifar bárust heim að húsvegg í Efstalandskotu. Flóðið dreifðist langt út fyrir gilið, dreifðist yfir aurkeiluna undir gilinu og virðist hafa verið þunnt og hraðfara. Fjallsgirðing skemmdist á kafla í flóðinu en það var eina tjónið.



Mynd 18: Útlínur snjóflóðsins í Bæjargili í Landafjalli 2. apríl.




Mynd 19. Snjóflóð úr Bæjargili í Landafjalli í Öxnadal og stöðvaðist nærri húsum á Efstalandskoti og rétt hjá fjósi á Steinsstöðum 2.



## Veðuraðdragandi


Lægð gekk yfir landið frá vestri til norðausturs og þegar hún fjarlægðist landið barst köld norðanáttin að Norðurlandi með smá snjókomu 28. mars. Önnur lægð nálgadist landið úr suðaustri og viðhélt, ásamt fyrirstöðuhæð yfir Grænlandshafi, norðanátt og úrkomubakka yfir Norðurlandi. Nokkuð kalt var á láglendi í lok mars og byrjun apríl með langvarandi norðan- og norðaustanátt með viðloðandi snjókomu en þó með smá pásam. Talsverður snjór var fyrir og þegar veðri slotaði tók við þurrt veður og hægviðri (mynd 20).



Mynd 20. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Bæjargili í Landafjalli í Öxnadal. Myndin sýnir mælda úrkomu, hitastig, vindstyrk og vindátt á völdum stöðum í nágrenninu.

## 4.2 Svartafjall í Eskifirði

Stórt flekahlaup féll í Svartafjalli í Eskifirði þann 2. apríl (myndir 21–22). Flóðið átti upptök í efstu brún fjallsins og trappaðist brotstálið niður hlíðina og breikkaði. Breiðast var brotstálið um 340 m. Flóðið breikkaði svo enn frekar þar sem það rann niður fysta stallinn og rann rúmlega 200 m á flatanum neðan við hlíðina í átt að veginum upp í Oddskarð. Flóðið stöðvaðist um 25 m frá veginum. Útlína flóðsins var mæld og nokkrar dýptarmælingar gerðar þar sem meðal dýpt var um 230 cm en mest mældist hún 330 cm. Þó skal taka fram að lengd snjóflóðastanganna er 320 cm svo flóðið gæti hafa verið þykkara á köflum. Ekkert tjón varð á mannvirkjum vegna flóðsins.



Mynd 21: Kort sem sýnir útlínu snjóflóðsins í Svartafjalli ásamt helstu kennistærðum flóðsins.




Mynd 22: Snjóflóðið í Svartafjalli, sjá má hvernig það breiðir úr sér og nær langt fram á flatan og nálgast veginn sem sést neðst í hægra horninu.

### Veðuraðdragandi

Nokkuð kalt var í veðri á Eskifirði í lok mars og var hiti á láglendi yfirleitt undir frostmarki. Enn kaldara var til fjalla, á Gagnheiði var hiti yfirleitt á bilinu -5 til -10 gráður. Á svæðinu snjóaði jafnt og þétt dagana fyrir flóðið en tæplega 50 mm höfðu mælst á Eskifirði frá 23.




mars. Vindátt á Gagnheiði var norðlæg 23.–25. mars en varð örlítið austanstæðari að mestu eftir það fram í byrjun apríl. Gögn af vindhraða til fjalla eru stopul dagana fyrir flóðið en líklega hefur vindhraði oft verið yfir skafrenningsmörkum (mynd 23).



Mynd 23. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Svartafjall í Oddskarði. Myndin sýnir mælda úrkomu, hitastig, vindstyrk og vindátt á völdum stöðum í nágrenninu.

### 4.3 Sauðatungur í Deildardal, Skagafirði

Talsvert efnismikið snjóflóð féll úr ytra Kambsgili í Sauðatungum í Deildardal 2. apríl 2024 og féll yfir veginn og brúna að Háleggsstöðum og Skuggabjörgum og upp á bakkann sunnan Deildarár (myndir 24–26). Flóðið var um 200 m breitt á vegi og lokaði honum en olli ekki frekara tjóni. Brotstál flóðsins var við fjallsbrún í um 720 m hæð og náði yfir allan fremri hluta gilsins á um 500 m svæði.



Mynd 24. Kort sem sýnir útlínu snjóflóðsins í Sauðatungum í Deildardal, ásamt helstu kennistærðum flóðsins.



Mynd 25. Flóðið í Deildardal fór yfir veg, ána og veginn handan árinna. Einnig má sjá annað flóð vestan við sem fer einnig yfir veg. Ljósmyndari




Mynd 26. Myndin er tekin áður en vegurinn var mokaður. Sjá má krapa í ánni og flóðtunguna talsvert upp hlíðina og yfir veg handan árinna.



## Veðuraðdragandi


Pann 22. mars snjóaði talsvert á Tröllaskaga en um 40 mm mældust á Ólafsfirði. Frá 23. mars var snjókoma með köflum á norðanverðu landinu. Lofthiti á láglendi var yfirleitt um og undir frostmarki og enn kaldara til fjalla. Langvarandi norðaustlæg átt var á Öxnadalshéiði og frá 28. mars var meðalvindur þar nánast alltaf á bilinu 10–15 m/s en hvassara í hviðum. Daginn sem snjóflóðið féll kom úrkomubakki inn á norðanvert landið og var vindur norðaustlægur og yfir skafrenningsmörkum. Eftir 2. apríl snerist vindur í SV-átt og lægði (mynd 27).



Mynd 27. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Sauðatungum í Deildardal. Myndin sýnir mælda úrkomu, hitastig, vindstyrk og vindátt á völdum stöðum í nágrenninu.

## 4.4 Sviðningsdalur í Kolbeinsdal

Stórt snjóflóð féll úr Sviðningsdal í Kolbeinsdal í Skagafirði í kringum 1. apríl. Flóðið féll yfir Kolbeinsdalsá og að brekkum handan árinna (mynd 28–29). Brotstál flóðsins var sýnilegt upp undir fjallsbrún að austanverðu í dalnum. Vestast var flóðið þykkt, fylgdi farvegi og myndaði rastir. Að austan (innanverðu) var flóðið þynnra og dreifðist yfir stærra svæði.




Mynd 28. Kort sem sýnir útlínu snjóflóðsins í Sviðningsdal í Kolbeinsdal, ásamt helstu kennistærðum flóðsins.



Mynd 29. Ljósmynd af snjóflóðinu í Sviðningsdal tekin með flygildi. Á myndinni sést hvernig brotstálið er í austurvanga dalsins.

## Veðuraðdragandi

Pann 22. mars snjóaði talsvert á Tröllaskaga en um 40 mm mældust á Ólafsfirði. Frá 23. mars var snjókoma með köflum á norðanverðu landinu. Lofthiti á láglendi var yfirleitt um og undir frostmarki og enn kaldara til fjalla. Langvarandi norðaustlæg átt var á Öxnadalshéiði og frá 28. mars var meðalvindur þar nánast alltaf á bilinu 10 – 15 m/s en hvassara í hviðum. Daginn sem snjóflóðið féll kom úrkomubakki inn á norðanvert landið, vindur var norðaustlægur og yfir skafrenningsmörkum. Eftir 2. apríl snérist vindur í SV-átt og lægði (mynd 30).




Mynd 30. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Sviðningsdal í Kolbeinsdal. Myndin sýnir mælda úrkoma, hitastig, vindstyrk og vindátt á völdum stöðum í nágrenninu.

## 4.5 Stafdalur, Seyðisfirði

Um það leyti sem skíðasvæðið í Stafdal í Seyðisfirði var að loka laugardaginn 2. mars grófst ungur drengur í snjóflóði í gili sunnan megin við lyfturnar á svæðinu. Drengurinn hafði verið að skíða í gili á samt vini sínum. Hann missti af sér annað skíðið og var að ganga smá spöl að sækja það þegar lítið flekaflóð féll undan félagi hans sem var að skíða fyrir ofan gilbrúnina. Flóðið féll niður í gilið og yfir drenginn og grófst hann alveg. Líkt og flestir gestir skíðasvæða var hann ekki með snjóflóðayli á sér en nærstaddir sýndu mikla útsjónarsemi, fundu hann í flóðinu og grófu upp í tæka tíð. Um 1 m var niður á höfuð drengsins svo mikið afrek var unnið við björgun hans (myndir 31-33).





Mynd 31. Kort sem sýnir útlínu snjóflóðsins í Stafdal, ásamt helstu kennistærðum flóðsins.




Mynd 32. Ljósmynd af snjóflóðinu í Stafdal tekin með flygildi til að sjá heildar útbreiðslu flóðsins.



*Mynd 33. Mynd tekin eftir að björgunaraðgerðum lauk, talsvert var búið að skíða gilið áður en flóðið féll.*

### **Veðuraðdragandi**

Í lok febrúar bætti smám saman á snjó á svæðinu mældust rúmlega 20 mm á Seyðisfirði frá 21. febrúar og þangað til flóðið féll. Lofthiti á láglendi rokkaði í kringum frostmark en frost var að mestu hátt til fjalla. Þann 26. febrúar hlánaði til fjalla en jafnt og þétt bættist dálítill snjór við dagana á eftir. Það kólnaði í veðri og frysti einnig á láglendi. Vindur snerist einnig smám saman til norðlægrar áttar og var vindur á Gagnheiði oft yfir skafrenningsmörkum dagana fyrir flóðið (mynd 34). Snjór var því líklegast að safnast í suðurvísandi hlíðar. Snjógryfja sem gerð var í Oddsskarði 1. mars sýndi um 15 cm vindfleka ofan á eldri snjó. Stöðugleikapróf gaf brot við lítið álag á mörkum vindflekans og eldri snjósins.



Mynd 34. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Stafdal. Myndin sýnir mælda úrkomu, hitastig, vindstyrk og vindátt á völdum stöðum í nágrenninu.


## 4.6 Grísatungufjöll við Húsavík

Pann 2. apríl var vélsleðahópur á ferð í Grísatungufjöllum austan við Húsavík. Hópurinn var að leika sér í brekku norður af Nykurtjörn þegar einn vélsleði setti af stað rúmlega 100 m breitt flekaflóð. Það féll á annan vélsleðamann sem grófst alveg. Hann náði þó að sprengja upp snjóflóðabakpoka. Félagar mannsins fundu hann fljótt og voru snöggir að grafa niður á höfuð mannsins sem var á um 1 m dýpi. Athygli vekur að brotstálið var frekar þykkt á kafla, eða um 3 – 4 m.




Mynd 35. Flekaflóðið í Grísatungufjöllum var rúmlega 100 m breitt. Brotstálið var líklega um 3 – 4 m hátt þar sem þykkast var. Mynd: Hreinn Hjartarson






Mynd 36: Kort sem sýnir útlínu snjóflóðsins í Grísatungufjöllum, ásamt helstu kennistærðum flóðsins.



Mynd 37. Félagar mannsins sem lenti í flóðinu voru snöggir að finna hann og grafa frá vitum hans. Mynd: Hreinn Hjartarson

## Veðuraðdragandi

Kalt hafði verið í veðri dagana fyrir flóðið og var lofthiti á Rífi á Melrakkaslétu yfirleitt undir frostmarki. Enn kaldara var til fjalla. Dálítil snjókoma mældist á Raufarhöfn og Björg í Kinn dagana fyrir flóðið en engin úrkoma mældist á Rífi. Tveimur dögum fyrir slysið mældist þó talsverð snjókoma á Rífi þegar tæplega 30 mm mældust á tveimur sólarhringum. Vindur var norðanstaður að mestu vikuna fyrir flóðið og líklega var einhver skafrenningur um tíma á svæðinu. Daginn sem flóðið féll var hægur vindur, bjart yfir og úrkomulaust (mynd 38).



Mynd 38. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Grísatungufjöllum við Húsavík. Myndin sýnir mælda úrkomu, hitastig, vindstyrk og vindátt á völdum stöðum í nágrenninu.

## Heimildir

Snjóflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands.

Tíðafarsyfirlit 2023 og 2024, Veðurstofa Íslands sótt af

<https://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit>

Bloggsíða snjóflóðavaktar VÍ: <https://blog.vedur.is/snjoflod/>




Snjóflóðatilkynningar. <https://www.facebook.com/groups/129168050599372>








# Viðauki I. Snjódýptarmælingar

Línurit fyrir allar snjódýptarmælingar sem lesnar voru af stikum veturinn 2023–2024. Hæð stiku ofan sjávarmáls er tilgreind aftan við stikunafn.

## Snjódýpt á norðanverðum Vestfjörðum



## Snjódýpt við Neskaupstað



## Viðauki II. Stærðarflokkun snjóflóða

Í gagnasafni Veðurstofu Íslands er stærð snjóflóða skráð skv. flokkun sem er upprunnin í Kanada. Flokkunin byggir fyrst og fremst á áhrifum flóðs, og það hefur verið lítillega staðfært. Í flokkuninni er einnig gefinn dæmigerður massi flóðs í hverjum flokki í tonnum.

| Flokkur | Lýsing                                                                                                  | Massi        |
|---------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------|
| 1       | Spýja, sem varla getur grafið mann (en það getur skapast hætta vegna falls)                             | 10 tonn      |
| 2       | Snjóflóð sem getur grafið mann                                                                          | 100 tonn     |
| 3       | Snjóflóð sem getur grafið og eyðilagt fólksbíl, grafið vörubíl, skemmt hús eða eyðilagt minni byggingar | 1000 tonn    |
| 4       | Snjóflóð sem getur eyðilagt nokkur hús                                                                  | 10.000 tonn  |
| 5       | Stærstu snjóflóð, geta eyðilagt mörg hús                                                                | 100.000 tonn |

## Viðauki III. Skráð snjóflóð veturinn 2023–2024

### *Skýringar við annál*

Annállinn inniheldur öll snjóflóð sem voru skráð í gagnagrunn Veðurstofunnar veturinn 2023–2024. Í annálnum er að finna nokkrar helstu breytur úr gagnagrunninum og eru þær útskýrðar nánar hér.

**Farvegur:** Öll flóð eru skráð í fyrirfram skilgreinda farvegi.

**Dagsetning:** Oftast er um nákvæma dagsetningu að ræða en stundum er ekki vitað nákvæmlega hvenær flóðið féll og er þá líklegasta tímabilið skráð.

**Númer:** Öllum flóðum er gefið auðkennisnúmer.

**Tegund:** S=ótilgreind tegund snjóflóðs; L=lausasnjóflóð; F=flekaflóð; K=krapaflóð. Ef stafirnir „F“ og „L“ hafa lágvísinn „v“ (t.d. „Fv“) þá er um vott flóð að ræða, annars þurrt.

**Stærð:** Snjóflóð eru flokkuð í stærðir með hliðsjón af kanadíska flokkunarkerfinu. Stærðarflokkarnir eru frá 1–5. Stærri flóð en 4 eru mjög sjaldgæf.

**Lengd/breidd/dýpi:** Lárétt lengd flóðsins frá upptökum til stöðvunarpunkts, meðalbreidd tungu og meðaldýpi í tungu (táknað „Le/Br/Dp“ í töfluhaus og gefið upp í metrum).

Skráð ofanflóð veturinn 2023/2024

| Staður/farvegur                                     | Dagsetning    | Númer | Tegund/<br>stærð | Len/Br/Dýpt<br>(m) | Aðrar upplýsingar                                                                     |
|-----------------------------------------------------|---------------|-------|------------------|--------------------|---------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Reykjavík og nærsveitir</b>                      |               |       |                  |                    |                                                                                       |
| Helgafell                                           | 27.12.2023    | 58397 | L / 1            |                    | Nokkrar lausaflóðsspýjur féllu í Helgafelli í suðurvísandi hlið.                      |
| Hengill                                             | 28.12.2023    | 58421 | F / 2            |                    | Nokkur lítil flekaflóð féllu í vesturvísandi hliðum á Hengilssvæðinu.                 |
| Sólskinsbrekkan, frá Kóngi suður fyrir æfingarbakka | 3.1.2024      | 58422 | F / 1,5          |                    | Snjótroðari setti af stað snjóflóð í Sólskinsbrekkunni í Bláfjöllum.                  |
| Stór hvilft efst í Eldborgargili                    | 21/22.2.2024  | 58589 | F / 1            |                    | Lítið flekaflóð féll í hvilftinni ofan Eldborgargils í Bláfjöllum.                    |
| Stór hvilft efst í Eldborgargili                    | 26.3.2024     | 58868 | F / 2            | – / 40 / 1         | Flekaflóð fór af stað eftir austan skafrenning í Eldborgargili í Bláfjöllum.          |
| Stór hvilft efst í Eldborgargili                    | 26.3.2024     | 58869 | F / 1            |                    | Lítill fleki fór af stað við álag undan göngufólki í Eldborgargili í Bláfjöllum.      |
| Stór hvilft efst í Eldborgargili                    | 26.3.2024     | 58870 | F / 1            |                    | Lítill fleki fór af stað við álag undan göngufólki í Eldborgargili í Bláfjöllum.      |
| <b>Borgarfjörður</b>                                |               |       |                  |                    |                                                                                       |
| Borgarfjörður                                       | 26/27.12.2023 | 58398 | F / 1            |                    | Lítið flekaflóð féll í nágrenni við Baulu.                                            |
| <b>Snæfellsnes</b>                                  |               |       |                  |                    |                                                                                       |
| Hnappadalur                                         | 26.2.2024     | 58646 | Fv / 3           |                    | Stórt vott snjóflóð féll í hlýindum.                                                  |
| Eyrarsveit                                          | 22.3.2024     | 58779 | F / 2            | – / 15 / 1.3       | Snjóflóð féll á veg um Búlandshöfða á Snæfellsnesi. Flóðið var um 16 m breitt á vegi. |
| Snæfellsnes                                         | 5.4.2024      | 58985 | F / 1,5          | – / 10 / 1         | Snjóflóð féll á veg við Búlandshöfða.                                                 |
| Snæfellsnes                                         | 5.4.2024      | 58986 | F / 1,5          | – / 10 / 1         | Snjóflóð féll á veg við Búlandshöfða.                                                 |
| Snæfellsnes                                         | 5.4.2024      | 58987 | F / 1,5          | – / 10 / 1         | Snjóflóð féll á veg.                                                                  |



| Staður/farvegur                       | Dagsetning    | Númer | Tegund/<br>stærð | Len/Br/Dýpt<br>(m) | Aðrar upplýsingar                                                                                               |
|---------------------------------------|---------------|-------|------------------|--------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Axlarhyrna                            | 7.4.2024      | 58993 | F / 2,5          | – / 20 / 2.5       | Snjóflóð féll í Axlarhyrnu á Snæfellsnesi og yfir veginn. Flóðið var um 20 m breitt og 2–3 m á þykkt.           |
| Snæfellsnes                           | 12/13.04.2024 | 59024 | F / 1            |                    | Lítið snjóflóð féll í Dalsmynnisfelli á sunnanverðu Snæfellsnesi þegar hengja féll og tók með sér lítinn fleka. |
| <b>Ólafsvík</b>                       |               |       |                  |                    |                                                                                                                 |
| Enni                                  | 5.4.2024      | 59620 | F / 1,5          |                    | Litlar spýjur féllu í Enninu, utan við atvinnusvæðið í Ólafsvík.                                                |
| Enni                                  | 6.4.2024      | 58990 | F / 2            | – / 30 / 0.5       | Þurrt flekahlaup féll í Ólafsvíkurenni eftir NA skafrenning.                                                    |
| <b>Dalasýsla</b>                      |               |       |                  |                    |                                                                                                                 |
| Skarðströnd                           | 31.3/1.4.2024 | 58979 | F / 2            | – / 190 / 1        | Snjóflóð féll úr Fannahjalla í ASA vísandi hlíð í Torffjalli á Skarðsströnd. Það fór yfir vegslóða.             |
| <b>Reykhólasveit</b>                  |               |       |                  |                    |                                                                                                                 |
| Reykhólasveit                         | 21–28.3.2024  | 58914 | F / 2            |                    | Snjóflóð féll yfir veg í vestanverðum Kjálkafirði.                                                              |
| <b>Patreksfjörður</b>                 |               |       |                  |                    |                                                                                                                 |
| Ofan Sigtúns                          | 1–3.1.2024    | 58423 | Fv / 2           |                    | Vott flekahlaup féll eftir rigninu ofan Sigtúns.                                                                |
| Vatneyri                              | 9.2.2024      | 58547 | S / 1            |                    | Snjóflóð féll ofan við Vatneyri á Patreksfirði.                                                                 |
| Vatneyri                              | 9/10.2.2024   | 58548 | S / 1            |                    | Nokkrar litlar spýjur féllu ofan við Vatneyri á Patreksfirði.                                                   |
| Vatneyri                              | 11.2.2024     | 58553 | L / 1,5          |                    | Snjóflóð féll á Vatneyri á Patreksfirði.                                                                        |
| Vatneyri                              | 18.3.2024     | 58715 | F / 2            |                    | Snjóflóð féll ofan við Vatneyri á Patreksfirði.                                                                 |
| Vatneyri                              | 21.3.2024     | 58772 | L / 1            |                    | Nokkur lítil snjóflóð féllu ofan við Vatneyri á Patreksfirði.                                                   |
| <b>Patreksfjörður, utan þéttbýlis</b> |               |       |                  |                    |                                                                                                                 |
| Raknadalshlíð                         | 23.12.2023    | 58381 | F / 1,5          |                    | Fremur lítið snjóflóð féll í Raknadalshlíð, utan við Stapana.                                                   |

| Staður/farvegur           | Dagsetning    | Númer | Tegund/<br>stærð | Len/Br/Dýpt<br>(m) | Aðrar upplýsingar                                                                            |
|---------------------------|---------------|-------|------------------|--------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------|
| Raknadalshlíð             | 23.12.2023    | 58370 | F / 2            |                    | Snjóflóð féll í Raknadalshlíð og náði niður í vegrás.                                        |
| Ósafjörður                | 25.1.2024     | 58499 | Fv / 1           |                    | Nokkrar smáspýjur féllu í Skápadalsmúla, snjóboltar og örsmá vot lausaflóð féllu innar.      |
| Hænuvík og nágrenni       | 31.1–2.2.2024 | 58525 | F / 2            | – / 20 / 1.5       | Snjóflóð féll á veg um Hænuvíkurhlíð.                                                        |
| Hænuvík og nágrenni       | 31.1–2.2.2024 | 58526 | F / 1,5          | – / 5 / 1.5        | Snjóflóð féll á veg um Hænuvíkurhlíð.                                                        |
| Raknadalshlíð             | 11.2.2024     | 58552 | F / 1,5          |                    | Snjóflóð féll í Raknadalshlíð.                                                               |
| Raknadalshlíð             | 18/19.3.2024  | 58754 | F / 2,5          |                    | Snjóflóð féll í Raknadalshlíð.                                                               |
| Raknadalshlíð             | 19.3.2024     | 58729 | F / 1            |                    | Lítið snjóflóð féll ofan við Raknadalshlíð og stöðvaðist um 50 m ofan vegar.                 |
| Raknadalshlíð             | 21.3.2024     | 58762 | F / 2,5          |                    | Snjóflóð féll á veginn um Raknadalshlíð. Flóðið fór yfir hálfan veginn.                      |
| Raknadalshlíð             | 21.3.2024     | 58767 | F / 1,5          |                    | Snjóflóð féll í Raknadalshlíð en stöðvaðist fyrir ofan veg.                                  |
| <b>Arnarfjörður</b>       |               |       |                  |                    |                                                                                              |
| Arnarfjörður norðanverður | 23–25.12.2023 | 58466 | F / 2            | – / 35 / 1.5       | Snjóflóð féll á veg í NA hriðarveðri 23.–25. des.                                            |
| Arnarfjörður norðanverður | 23–25.12.2023 | 58467 | F / 1,5          | – / 30 / 1         | Snjóflóð féll á veg í NA hriðarveðri 23.–25. des.                                            |
| Arnarfjörður norðanverður | 23–25.12.2023 | 58468 | F / 1,5          | – / 25 / 1         | Snjóflóð féll á veg í NA hriðarveðri 23.–25. des.                                            |
| Suðurfirðir               | 3.2.2024      | 58531 | F / 1,5          | 15 / 30 / –        | Snjóflóð féll um 200 m vestan við fossinn í Seljadalsá eftir að snjóblásari blés í brekkuna. |
| Arnarfjörður              | 17–19.3.2024  | 58763 | S / 2            | – / 25 / 0.8       | Snjóflóð lokaði veginum um Dynjandisdal.                                                     |
| Arnarfjörður              | 17–19.3.2024  | 58764 | S / 2            | – / 25 / 0.5       | Snjóflóð lokaði veginum uppá Dynjandisheiði í Dynjandisdal.                                  |
| Arnarfjörður              | 22/23.3.2024  | 58793 | S / 2,5          |                    | Snjóflóð féll á veg um Dynjandisdal.                                                         |
| Arnarfjörður              | 20/21.4.2024  | 59061 | Fv / 2,5         | – / 40 / 1.4       | Snjóflóð féll í Afréttardal á Dynjandisheiði.                                                |

| Staður/farvegur                        | Dagsetning   | Númer | Tegund/<br>stærð | Len/Br/Dýpt<br>(m) | Aðrar upplýsingar                                                                                                |
|----------------------------------------|--------------|-------|------------------|--------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Arnarfjörður norðanverður              | 21.4.2024    | 59093 | Fv / 2,5         | – / 20 / 1         | Snjóflóð féll yfir veginn niður af Dynjandisheiði í Arnarfirði. Flóðið var um 20 m breitt á vegi og 1 m á þykkt. |
| <b>Dýrafjörður</b>                     |              |       |                  |                    |                                                                                                                  |
| Hjarðardalsgil                         | 18.3.2024    | 58723 | F / 3            | – / 80 / 1.4       | Stórt snjóflóð féll í Hjarðardalsgili og náði yfir veg. Flóðið var um 80 m breitt á vegi.                        |
| <b>Önundarfjörður</b>                  |              |       |                  |                    |                                                                                                                  |
| Önundarfjörður utan Flateyrar          | 19.3.2024    | 58736 | L / 1,5          |                    | Snjóflóð féll utan Flateyrar.                                                                                    |
| Selabólsurð, undir Urðarskál           | 19.3.2024    | 58737 | L / 1            |                    | Lítið snjóflóð féll ofarlega í Urðarskál, náði ekki niður í botn skálarinnar.                                    |
| Selabólsurð, undir Urðarskál           | 21/22.3.2024 | 58773 | L / 3            | – / 380 / 1.2      | Stórt snjóflóð féll í Selabólsurð undir Urðarskál. Flóðið var um 380 m breitt og náði niður í fjöru.             |
| Garðadalur                             | 21/22.3.2024 | 58900 | F / 3            |                    | Stórt snjóflóð féll úr Hólsfjalli niður í Garðadal í Önundarfirði.                                               |
| Þorfinnur                              | 22/23.3.2024 | 58791 | S / 2,5          |                    | Tvö snjóflóð féllu í fjallinu Þorfinni á Valþjófsdalsveg.                                                        |
| Þorfinnur                              | 22/23.3.2024 | 58792 | S / 2            |                    | Tvö snjóflóð féllu í fjallinu Þorfinni á Valþjófsdalsveg.                                                        |
| Breiðadalur sunnanverður               | 23.3.2024    | 59195 | F / 1,5          |                    | Snjóflóð féll í Breiðdal og stoppaði um 50–100 m frá vegi.                                                       |
| Breiðadalur sunnanverður               | 23.3.2024    | 59196 | F / 1,5          |                    | Snjóflóð féll í Breiðdal og stoppaði um 50–100 m frá vegi.                                                       |
| Bæjargil ofan Neðri-Breiðadals         | 23.3.2024    | 59198 | F / 1,5          |                    | Snjóflóð féll innan við Urðarskál.                                                                               |
| Hólsfjall                              | 22/23.3.2024 | 59199 | F / 1            |                    | Lítill spýja féll utan við Urðarskál í Önundarfirði.                                                             |
| Hólsfjall                              | 23.3.2024    | 59200 | F / 2            |                    | Snjóflóð féll utan við Urðarskál í Önundarfirði.                                                                 |
| Selabólshlíð, fyrir ofan Selakirkjuból | 23.3.2024    | 58796 | L / 1            |                    | Lítið snjóflóð féll í Selabólshlíð.                                                                              |

| Staður/farvegur                        | Dagsetning    | Númer | Tegund/<br>stærð | Len/Br/Dýpt<br>(m) | Aðrar upplýsingar                                                                                                  |
|----------------------------------------|---------------|-------|------------------|--------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Selabólshlíð, fyrir ofan Selakirkjuból | 23.3.2024     | 58797 | L / 1            |                    | Lítil spýja féll í Selabólshlíð.                                                                                   |
| Selabólshlíð, fyrir ofan Selakirkjuból | 23.3.2024     | 58798 | L / 1            |                    | Lítið snjóflóð féll í Selabólshlíð.                                                                                |
| Hólsfjall                              | 20/21.4.2024  | 59084 | Lv / 1           |                    | Votar spýjur féllu í Hólsfjalli í Önundarfirði í hláku með rigningu.                                               |
| <b>Flateyri</b>                        |               |       |                  |                    |                                                                                                                    |
| Miðhryggsgil                           | 25.12.2023    | 58393 | F / 1            |                    | Snjóflóð féll í Miðhryggsgili ofan við Flateyri og náði um 70 m út úr gilinu.                                      |
| Skollahvilft                           | 24/25.12.2023 | 58395 | F / 2            | – / 80 / –         | Punnt flekaflóð féll í Skollahvilft.                                                                               |
| Innra-Bæjargil                         | 24/25.12.2023 | 58396 | F / 1            |                    | Spýja féll í Innra-Bæjargili.                                                                                      |
| Fyrsta gil utan Ytra-Bæjargils         | 18.3.2024     | 58720 | F / 2            |                    | Radarinn á Flateyri greindi snjóflóð úr næsta gili utan við Ytra-Bæjargil.                                         |
| Ytra-Bæjargil                          | 18.3.2024     | 58734 | F / 1,5          |                    | Flekaflóð féll í Ytra-Bæjargili utan Flateyrar. Radar á Flateyri nam flóðið.                                       |
| Annað gil utan Ytra-Bæjargils          | 19.3.2024     | 58735 | F / 2            |                    | Snjóflóð féll utan við Flateyri sem náði yfir línuveg.                                                             |
| Innra-Bæjargil                         | 21.3.2024     | 58766 | F / 1,5          |                    | Snjóflóð féll í Innra-Bæjargili.                                                                                   |
| Ytra-Bæjargil                          | 22/23.3.2024  | 59201 | F / 1,5          |                    | Snjóflóð féll í Ytra-Bæjargili.                                                                                    |
| Skollahvilft                           | 29.3.2024     | 58901 | F / 2            |                    | Snjóflóð féll í Skollahvilft ofan við Flateyri. Radar á Flateyri nam flóðið.                                       |
| Innra-Bæjargil                         | 30.3.2024     | 58904 | F / 1            |                    | Snjóflóð féll í Innri-Bæjargili. Snjóflóðaradar á Flateyri nam flóðið.                                             |
| Innra-Bæjargil                         | 30.3.2024     | 58903 | F / 2,5          |                    | Snjóflóð féll í Innra-Bæjargili og náði langleiðina niður að varnargarðinum. Snjóflóðaradar á Flateyri nam flóðið. |

| Staður/farvegur                | Dagsetning   | Númer | Tegund/<br>stærð | Len/Br/Dýpt<br>(m) | Aðrar upplýsingar                                                                           |
|--------------------------------|--------------|-------|------------------|--------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------|
| Ytra-Bæjargil                  | 30.3.2024    | 58905 | F / 2            |                    | Snjóflóð féll í Ytra-Bæjargili. Snjóflóðaradar á Flateyri nam flóðið.                       |
| Miðhryggsgil                   | 1.4.2024     | 58921 | F / 2            |                    | Radar á Flateyri nam flóð í Miðhryggsgili sem féll rétt út úr gilkjaftinum.                 |
| Skollahvilft                   | 7.4.2024     | 58994 | F / 2            |                    | Snjóflóðaradar nam flóð í Skollahvilft ofan Flateyrar. Flóðið náði ekki út úr gilkjaftinum. |
| Innra-Bæjargil                 | 19/20.4.2024 | 59080 | Lv / 1           |                    | Snjóflóð féll í Innra-Bæjargili ofan við Flateyri.                                          |
| Ytra-Bæjargil                  | 20/21.4.2024 | 59081 | Fv / 2           |                    | Snjóflóð féll í Ytra-Bæjargili ofan við Flateyri.                                           |
| Fyrsta gil utan Ytra-Bæjargils | 20/21.4.2024 | 59082 | Lv / 1           |                    | Vott snjóflóð féll í fyrsta gili utan við Ytra-Bæjargil í Eyrarfjalli ofan Flateyrar.       |
| Annað gil utan Ytra-Bæjargils  | 20/21.4.2024 | 59083 | Lv / 2           |                    | Vott snjóflóð féll í öðru gili utan við Ytra-Bæjargil í Eyrarfjalli ofan Flateyrar.         |
| <b>Súgandafjörður</b>          |              |       |                  |                    |                                                                                             |
| Súgandafjörður sunnanverður    | 22.12.2023   | 58369 | F / 2            |                    | Snjóflóð lokaði veginum um Spilli í Súgandafirði utan við Suðureyri.                        |
| Súgandafjörður norðanverður    | 22.12.2023   | 59021 | L / 1            |                    | Margar litlar spýjur féllu í Súgandafirði.                                                  |
| Súgandafjörður                 | 29/30.1.2024 | 58521 | L / 1            |                    | Lítið snjóflóð féll í Súgandafirði og náði út á veg.                                        |
| Súgandafjörður                 | 30.1.2024    | 59187 | F / 1            |                    | Lítil spýja féll í Súgandafirði.                                                            |
| Súgandafjörður sunnanverður    | 12.2.2024    | 58557 | S / 2            | – / 15 / 1.5       | Snjóflóð féll í sunnanverðum Súgandafirði.                                                  |
| Súgandafjörður norðanverður    | 4.3.2024     | 59190 | Lv / 1           |                    | Nokkur lítil snjóflóð féllu norðanmegin í Súgandafirði.                                     |
| Norðureyri                     | 18.3.2024    | 58717 | F / 2            |                    | Snjóflóð féll á Norðureyri í Súgandafirði.                                                  |
| Spillir                        | 20/21.3.2024 | 58864 | F / 2            |                    | Snjóflóð féll á veginn um Spilli.                                                           |
| Norðureyri                     | 20/21.3.2024 | 58865 | F / 2,5          |                    | Snjóflóð féll á Norðureyri í Súgandafirði.                                                  |

| Staður/farvegur                    | Dagsetning   | Númer | Tegund/<br>stærð | Len/Br/Dýpt<br>(m) | Aðrar upplýsingar                                                                                         |
|------------------------------------|--------------|-------|------------------|--------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Súgandafjörður<br>norðanverður     | 20/21.3.2024 | 58866 | F / 2            |                    | Flekaflóð féll í norðanverðum Súgandafirði.                                                               |
| Súgandafjörður<br>norðanverður     | 21.3.2024    | 58765 | F / 2,5          |                    | Mörg snjóflóð féllu í norðanverðum Súgandafirði, frá Norðureyri og inn úr.                                |
| Súgandafjörður                     | 1–4.4.2024   | 59110 | F / 3            |                    | Sjóflóð féll við Botn í Súgandafirði.                                                                     |
| Súgandafjörður<br>norðanverður     | 20.4.2024    | 59046 | Fv / 2           |                    | Að minnsta kosti tvö snjóflóð féllu í norðanverðum Súgandafirði eftir áköf hlýindi og rigningu í S áttum. |
| Súgandafjörður                     | 8.5.2024     | 59113 | Lv / 2           | – / 5 / 1          | Vott lausasnjóflóð féll undan skíðamanni í Botnsdal í Súgandafirði.                                       |
| <b>Bolungarvík</b>                 |              |       |                  |                    |                                                                                                           |
| Traðargil                          | 25.1.2024    | 58510 | L / 1            |                    | Lítið snjóflóð féll í Traðargili í Bolungarvík.                                                           |
| Innragil                           | 25.1.2024    | 58511 | L / 2            |                    | Snjóflóð féll í Innragili í Bolungarvík.                                                                  |
| <b>Bolungarvík, utan þéttbýlis</b> |              |       |                  |                    |                                                                                                           |
| Heiðnafjall                        | 6.12.2023    | 58351 | L / 1            |                    | Nokkrar lausaflóðsspýjur féllu í Heiðnafjalli og stöðvuðust í miðri hlíð.                                 |
| Hádegisfjall                       | 6.12.2023    | 58352 | L / 1            |                    | Nokkrar lausaflóðsspýjur féllu í Hádegisfjalli og stöðvuðust í miðri hlíð.                                |
| Mærðarhorn                         | 6.12.2023    | 58353 | L / 1            |                    | Nokkrar lausaflóðsspýjur féllu í Heiðnafjalli og stöðvuðust í miðri hlíð.                                 |
| Hesthúsagil                        | 25.1.2024    | 58504 | L / 1            |                    | Lítil spýja féll í Hesthúsagili í Bolungarvík.                                                            |
| Hesthúsagil                        | 25.1.2024    | 58505 | L / 1            |                    | Lítið snjóflóð féll í Hesthúsagili í Bolungarvík.                                                         |
| Tyrkjagil                          | 25.1.2024    | 58506 | L / 1            |                    | Lítið snjóflóð féll í Tyrkjagili í Bolungarvík.                                                           |
| Bæjargil ofan Geirastaða           | 25.1.2024    | 58508 | L / 1            |                    | Lítið snjóflóð féll í Bæjargili ofan Geirastaða í Bolungarvík.                                            |
| Heiðnafjall                        | 25.1.2024    | 58513 | L / 1            |                    | Lítil spýja féll í Heiðnafjalli.                                                                          |
| Heiðnafjall                        | 25.1.2024    | 58512 | L / 1            |                    | Lítið snjóflóð féll í Heiðnafjalli.                                                                       |



| Staður/farvegur                        | Dagsetning    | Númer | Tegund/<br>stærð | Len/Br/Dýpt<br>(m) | Aðrar upplýsingar                                                                                                                |
|----------------------------------------|---------------|-------|------------------|--------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Hólsskriða                             | 1.2.2024      | 58524 | Lv / 1           |                    | Lítið snjóflóð féll í Hólsskriðu í Bolungarvík.                                                                                  |
| Skálavík                               | 3.3.2024      | 58665 | F / 2            |                    | Flekaflóð féll í Deilishlíð í Skálavík. Nokkrar minni spýjur í kring.                                                            |
| Hádegisfjall - gil nr.1                | 4.3.2024      | 58685 | F / 1            |                    | Lítill spýja féll í Hádegisfjalli.                                                                                               |
| Hádegisfjall - gil nr.1                | 4.3.2024      | 58686 | F / 1            |                    | Lítill spýja féll í Hádegisfjalli.                                                                                               |
| Hádegisfjall - gil nr.3                | 4.3.2024      | 58687 | F / 1            |                    | Lítill spýja féll í Hádegisfjalli.                                                                                               |
| Hádegisfjall - gil nr.3                | 4.3.2024      | 58688 | F / 1            |                    | Lítill spýja féll í Hádegisfjalli.                                                                                               |
| Núpsskál                               | 17–19.3.2024  | 58897 | F / 2,5          | – / 50 / –         | Snjóflóð féll úr Núpsskál í Syðridal.                                                                                            |
| Milli Sprengigilja og Breiðabólsskálar | 21/22.3.2024  | 58855 | Fv / 3           |                    | Stórt snjóflóð féll milli Sprengigilja og Breiðabólsskálar í Bolungarvík.                                                        |
| Milli Sprengigilja og Breiðabólsskálar | 21/22.3.2024  | 58856 | F / 1,5          |                    | Nokkur snjóflóð féllu milli Sprengigilja og Breiðabólsskálar í Bolungarvík.                                                      |
| Milli Sprengigilja og Breiðabólsskálar | 21/22.3.2024  | 58857 | F / 1,5          |                    | Nokkur snjóflóð féllu milli Sprengigilja og Breiðabólsskálar í Bolungarvík.                                                      |
| Hólsskriða                             | 21/22.3.2024  | 58858 | F / 1,5          |                    | Snjóflóð féll í Hólsskriðu í Bolungarvík.                                                                                        |
| Hólsskriða                             | 21/22.3.2024  | 58859 | F / 1,5          |                    | Snjóflóð féll í Hólsskriðu í Bolungarvík.                                                                                        |
| Hólsskriða                             | 21/22.3.2024  | 58860 | F / 1,5          |                    | Snjóflóð féll í Hólsskriðu í Bolungarvík.                                                                                        |
| Milli Sprengigilja og Breiðabólsskálar | 27.3–3.4.2024 | 57397 | L / 4,5          | – / 145 / –        | Þegar voraði kom í ljós mjög stórt flekaflóð í Skálavík. Það braut rafmagnsstaur úr timbri og bar hann með sér, og fór yfir veg. |
| Hádegisfjall                           | 20/21.4.2024  | 59065 | Fv / 2           |                    | Þrjú snjóflóð féllu í Hádegisfjalli í Bolungarvík.                                                                               |
| <b>Hnífsdalur</b>                      |               |       |                  |                    |                                                                                                                                  |
